




MANNTALIÐ 1703

Arfur okkar allra

Eiríkur G. Guðmundsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Manntalið 1703

Arfur okkar allra

© Eiríkur G. Guðmundsson og Þjóðskjalasafn Íslands 2017

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, þar með talið tölvutækt form, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Höfundur:

Eiríkur G. Guðmundsson

Aðstoð við útgáfu:

Unnar R. Ingvarsson

Myndir:

Þjóðskjalasafn Íslands, Ljósmyndasafnið Ísafirði, Þjóðminjasafn Íslands, Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn.

Prófarkarlestur:

Jóhannes B. Sigtryggsson

Hönnun og umbrot:

KRÍA hönnunarstofa

Prentun:

Svansprent

Pappír:

Munken Lynx 150g / Munken Lynx 300g

Letur:

Bembo Regular & Bold

Brandon Regular & Bold

ISBN: 978-9979-876-34-2

MANNTALIÐ 1703

Arfur okkar allra

Eiríkur G. Guðmundsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	7
Manntalið 1703 á skrá UNESCO: <i>Minni heimsins</i>	8
Ákvörðun um töku manntals.....	8
Fyrirmæli um töku manntals.....	11
Framkvæmd talningar	13
Margvíslegar upplýsingar.....	18
Skjölin rannsökuð	20
Aðdragandi umsóknar til UNESCO.....	20
Sameiginlegur menningararfur Dana og Íslendinga	22
Talið í kjölfar skráningar, fyrsta talning.....	23
Tölfræði Skúla Magnússonar, önnur talning	27
Áreiðanleiki manntalsins.....	28
Manntalið gefið út á prenti og nýjar tölur.....	36
Framlag til heimsmenningar og nýjar skyldur.....	39
Viðauki 1. Talningar á fólksfjölda úr manntalinu 1703.....	40
Viðauki 2. Talning Árna Magnússonar 1703–1709.....	42
Viðauki 3. Sýnishorn áritana Árna Magnússonar og Skúla Magnússonar á manntalsskýrslur eða á blöð utan um skýrslurnar.....	43
Viðauki 4. Talning Skúla Magnússonar árið 1778.....	44
Viðauki 5. Forsíða manntals og kvikfjártals úr Leiðvallahreppi.....	45
Heimildir:.....	46
Skrá yfir myndir og ítarefni:.....	47

[illegible][illegible]

FORMÁLI

Manntöl eru grundvallarheimildir um einstaklinga, ættir og samfélagsgerð hvernar þjóðar og hafa lengi verið eftirsótt og mikið notuð af almenningi og fræðimönnum. Á Íslandi hefur áhugi á manntölum verið mikill og hafa sum verið gefin út á prenti. Upplýsingatæknin hefur hins vegar breytt aðstæðum til miðlunar þeirra og notkunar stórkostlega. Eins og önnur skjalasöfn hefur Þjóðskjalasafn Íslands aukið aðgengi að manntölum í vörslu þess með því að færa þau í stafrænan búning og birta á netinu.

Ísland var hluti Danaveldis frá árinu 1383 þar til það varð sérstakt konungsríki árið 1918 með sama konung og Danir. Það varð að fullu sjálfstætt ríki þegar Íslendingar stofnuðu lýðveldi á Þingvöllum árið 1944. Dönsk stjórnvöld stóðu fyrir töku alls 16 manntala frá 1703 til 1901. Eftir það sáu íslensk stjórnvöld um talningu landsmanna. Íslendingar voru taldir og skráðir í manntöl árin 1703, 1729, 1762, 1769, 1785, 1801, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890, 1901, 1910, 1920, 1930, 1940, 1950, 1960 og 1983. Manntölin 1729, 1762 og 1870 eru ekki heil og manntalið 1785 er glatað. Auk þess má nefna að prestum var falið að afla manntalsupplýsinga og skrá öll sóknarbörn sín á öðrum áratug 19. aldar. Þessar upplýsingar hafa verið gefnar út sem Manntalið 1816.

Íslendingum hefur lengi verið ljós sérstaða manntalsins 1703 og talið það marka tímamót í sögu fólksfjöldarannsókna. Þegar Þjóðskjalasafn átti 130 ára afmæli árið 2012 sótti safnið um að þetta manntal færi á skrá UNESCO, *Memory of the World Register*. Árið eftir var sú umsókn samþykkt. Fimm árum síðar í tilefni af 135 ára afmæli safnsins er þessi bók gefin út. Sérstakar þakkir fá Björk Ingimundardóttir, Gísli Baldur Róbertsson og Jón Torfason fyrir yfirlestur handrits og góð ráð. Öllum öðrum, sem aðstoðuðu við gerð þessa bókarkorns, eru einnig færðar bestu þakkir.

Reykjavík, á konudag 26. febrúar 2017,



Eiríkur G. Guðmundsson

Þjóðskjalavörður

MANNTALIÐ 1703 Á SKRÁ UNESCO: MINNI HEIMSINS

Einn mesti dýrgripur í Þjóðskjalasafni Íslands er manntal sem tekið var hér á landi árið 1703 og í daglegu tali kallað *manntalið 1703*. Sumarið 2013 urðu þau tíðindi að Mennta-, vísinda- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, féllst á umsókn safnsins um að manntalið 1703 yrði skráð á lista UNESCO *Memory of the World Register*.¹ Þessi listi hefur verið kallaður *Minni heimsins* hér á landi. Á hann komast einungis skjöl eða aðrar skráðar menningarheimildir sem hafa þýðingu fyrir allt mannkyn.

Hér verður fjallað um tilurð og framkvæmd þessarar merkilegu samfélagsúttektar sem manntalið var. Greint verður frá því hvernig það kom til að manntalið var viðurkennt af UNESCO sem mikilvæg heimild fyrir allt mannkyn. Þá verður fjallað um sögu manntalsins og einkum tölfraðisögu þess og leitast við að varpa skýrara ljósi á hvenær unnið var úr manntalsgögnunum og hver saga frumskjalanna er, svo sem hvar og hvenær þau voru í Danmörku og á Íslandi.

ÁKVÖRÐUN UM TÖKU MANNTALS

Ákvörðun um töku fyrsta heildarmanntals á Íslandi árið 1702 skýrist einkum af slæmu árferði á Íslandi á 17. öld og miklum harðindum í lok aldarinnar.² Íslendingar kvörtuðu undan þessu ástandi við yfirvöld í Kaupmannahöfn og fékk Lauritz Gottrup, annar lögmanna landsins, að skýra aðstæður landsmanna fyrir Friðriki IV. Danakonungi. Í kjölfarið var skipuð nefnd, jarðabókarnefndin svokallaða, til þess að kanna hagi landsmanna ítarlega. Í henni voru Árni Magnússon prófessor og Páll Vídalín varalögmaður.³ Aðalverkefni þeirra var að rannsaka efnahagsástand Íslendinga með því að telja fólk og kvikfé og semja nákvæmar lýsingar á öllum bújörðum á landinu.⁴ Manntalið var tekið á nær sjö mánaða tímabili frá desembermánuði 1702 og fram í júní 1703.⁵ Kvikfé landsmanna var einkum talið í maí og júní 1703.⁶ Samning jarðalýsinga stóð yfir í tólf ár, frá 1702 til 1714. Það var langviðamesta verkefni nefndarinnar og er hún kennd við það. Þessar einstæðu heimildir eru varðveittar í Þjóðskjalasafni Íslands og eru óvenju samstæðar hag- og félagssöguheimildir um íslenskt samfélag í upphafi 18. aldar.⁶ Manntalið er að fullu varðveitt, kvikfjárskrár eru til úr 101 hreppi af 163 og jarðalýsingar eru til úr öllum sýslum nema Múla- og Skaftafellssýslum. Lýsingar úr þeim sýslum munu hafa brunnið í Kaupmannahöfn árið 1728.⁷ Allt þetta efni er ritað á íslensku.

1. Sjá <<http://www.unesco.org/new/en/communication-and-information/flagship-project-activities/memory-of-the-world/register/full-list-of-registered-heritage/>>, 30. september 2016.
2. Eiríkur G. Guðmundsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Inngangur“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára. Greinar í tilefni afmælis* [hér eftir Manntalið 1703 þrjú hundruð ára] (Reykjavík 2005), bls. 9–13.
3. Mår Jónsson, Árni Magnússon. *Ævisaga* (Reykjavík 1998), bls. 175–191.
4. *Lovsamling for Island Indeholdende Udvalg af de vigtigste ældre og nyere Love og Anordninger, Resolutioner, Instructioner og Reglementer, Althingsdomme og Vedtægter, Collegial-Breve, Fundatser og Gavebreve, samt andre Aktstykker, til Oplysning om Islands Retsforhold og Administration i ældre og nyere Tider I*, 1096–

1720. Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson (Kjöbenhavn 1853), bls. 584–592.
5. ÞÍ. *Rannsókn og útgáfa á kvikfjártali árið 1703*. Verkefni um rannsókn og miðlun menningarefnis skipulagt af Þjóðskjalasafni Íslands (2004). Vefur Þjóðskjalasafns: <<http://skjalasafn.is/files/docs/Rannsokn-og-utgafa-a-kvikfjartali-arid-1703.pdf>>, 30. september 2014.
6. Jarðalýsingar úr Barðastrandarsýslu eru þó varðveittar á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (AM 469 fol.)
7. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I* (Kaupmannahöfn 1913), bls. v. Sjá einnig Jón Eiríksson, „Forberedelse“, *Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige, og nordostlige Kanter af Island I* (Kjöbenhavn 1780), bls. LXIX.



JARÐABÓKARNEFNDIN


Árni Magnússon (1663–1730) lauk *baccalaureus*-prófi frá Hafnarháskóla árið 1691. Hann varð arkivsekreteri í leyndarskjalasafni Danakonungs árið 1697. Prófessor *philosophiæ et antiquitatum Danicarum* varð Árni árið 1701 og yfirmaður háskólabókasafnsins í Kaupmannahöfn 1721. Árni Magnússon er þekktastur fyrir handritasöfnun en að henni vann hann ötullega á þeim árum sem hann var hér á landi vegna nefndarstarfa sinna. Árni er ekki skráður í manntalið 1703 enda búsettur í Kaupmannahöfn. Árið 1709 gekk Árni að eiga danska konu, Mette Jensdatter Fischer. Þau voru barnlaus.

Páll Vídalín Jónsson (1667–1727) lauk *attestatus*-prófi í guðfræði frá Hafnarháskóla árið 1688. Fékk sama ár konungsveitingu fyrir embætti rektors Skálholtsskóla. Hann varð sýslumaður Dalamanna árið 1697, varalögmaður sama ár og lögmaður árið 1705 en hélt jafnframt sýslur. Páll var einn lærðasti maður á Íslandi um sína daga. Hann er þekktur fyrir lögmannsstarfið, jarðabókarverkið og ýmis ritstörf. Páll var skáld gott. Engin mynd er til af Páli Vídalín en sagt er að hann hafi verið meðalmaður á hæð, haft blá augu og þau hvöss og hörð eins og í fálka.

Páll og kona hans Þorbjörg Magnúsdóttir voru bæði skráð 36 ára í manntalinu 1703. Þá áttu þau fjögur börn, eina dóttur og þrjá syni. Tveir þeirra hétu Jón.

Mynd: Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn. Müllers Pinakotek 15, 86, III fol.

Plan og Prospect af Öxer-aae Alting



ALÞINGI Á ÞINGVÖLLUM VIÐ ÖXARÁ

Alþingi, æðsta þing Íslendinga, var stofnað árið 930. Það kom árlega saman á Þingvöllum við Öxará. Hlutverk þingsins hefur verið breytilegt í gegnum tíðina. Á fyrstu öldunum var lagagerð fyrirferðamikil en um 1700 voru dómstörf orðin eitt helsta verkefni alþingis. Þar voru auk þess lesnar upp tilkynningar og lagaboð Danakonungs. Á alþingi 2. júlí 1702 voru fjölmörg verkefni jarðabókarnefndarinnar kynnt. Á meðal þeirra var að telja fólk og fénað á öllu landinu.

Þessi teikning frá um 1780 sýnir alþingi á Þingvöllum og aðsetur æðstu embættismanna þar meðan þingið starfaði.

Mynd: Þjóðminjasafn Íslands. Safn Sigurðar Guðmundssonar málara.

Manntalið 1703 markar upphaf nútímamannfjölda-
rannsókna á Íslandi og í heiminum og hefur verið kallað
fyrsta nútímamannntalið.⁸ Manntalið og jarðabókin komu út
á prenti á fyrri hluta 20. aldar en kvikfjártalið hefur ekki enn
verið gefið út.⁹

FYRIRMÆLI UM TÖKU MANNTALS

Erindisbréf Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 22.
maí 1702 er langt og ítarlegt, enda voru þeim falin mörg
verkefni auk þeirra sem þegar eru talin. Fyrirmælin um töku
manntals eru í áttundu grein erindisbréfsins. Þar er Árna og
Páli falið að láta sýslumenn með aðstoð presta taka saman
„rétt manntal yfir allar fjölskyldur í landinu og tilgreina
húsbónda, húsfreyju, börn og þjónustufólk“ auk þurfafólks
innan sveitar og utan.¹⁰

Fyrirmælin voru almennt orðuð en þó ljóst að stjórnvöld
í Kaupmannahöfn vildu láta telja alla landsmenn. Ekki var
tilgreint hvaða upplýsingar um fólk átti að skrá. Það kom
í hlut jarðabókarnefndarinnar, Árna og Páls, að útfæra það.
Þeir sendu sýslumönnum fyrirmæli sín í október 1702 og
fólu þeim „að láta samantaka eitt fullkomið registur yfir al[li]t
fólkið í landinu“.¹¹

Nánnar tiltekið:

„Eiga í því registri að uppteiknast, bæ frá bæ, bóndi og
húsfreyja, börn og annað heimilisfólk, með sjerhvers nafni,
föðurnafni og aldri; item hjáleigu-, húss- og búðarmenn,
þar þeir eru, með þeirra konum, börnum og heimilisfólki,
sjerhver með nafni, föðurnafni og aldri, og hjá hverri einni
manns- og kvenpersónu skilmerkilega að specificerast,
hvað sá eða sú fyrir sig leggur, hvört heldur er búskapur,
húsmenska, lausamenska, vinnumenska eða annar ærlegur
lífernisháttur.“¹²

Það átti samkvæmt þessu að skrá öll býli (aðsetur fólks),
alla íbúa með nafni, föðurnafni, aldri og stöðu á heimili og
atvinnu. Þetta er kjarninn í fyrirmælunum. Og þótt hér
sé ekki talað um að skrá kyn verða íbúarnir auðveldlega
kyngreindir af upplýsingunum, ekki síst af nöfnum sínum.
Því má segja að óþarft hafi verið að mæla fyrir um að skrá
kyn fólks. Þeir sem voru utan sinnar sýslu við útróðra eða
vegna annars, „skulu þó þar uppskrifast, er þeir heima
eiga“.¹³ Auk þessara fyrirmæla um skráningu heimilisfastra
var mælt fyrir um skrásetningu ómaga og flakkara eða
utansveitarhúsgangsfólks eins og flökkufólk var einnig kallað.

8. Goyer, Doreen S. og Draaijer, Gera E., *The Handbook of National Population Censuses, Europe* (New York, Connecticut, London 1992), bls. 251.

9. Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, *Manntal á Íslandi árið 1703 tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum* [hér eftir *Manntal á Íslandi árið 1703*] (Reykjavík 1924–1947), bls. VII–XVIII; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I–XI* (Kaupmannahöfn 1913–1943).

10. Fyrirmælin voru á dönsku; „[L]ade forfatte et rigtig Mandtal over alle Familier i Landet, og derudi specificere Husbond og Hustru, Börn og Tyende, item et Mandtal over indensogns Betlere, saavel som over de andre omstrippende Betlere, saavidt mueligt,“ *Lovsamling for Island I*, bls. 586.

11. Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, bls. XVII.

12. Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, bls. XVII.

13. Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, bls. XVII.

MINNSTA SKJAL MANNTALSINS

Minnsta staka skjál manntalsins 1703 er þessi miði úr Bitruhreppi í Strandasýslu. Hann er um 9 sm á hlið. Um fjörutíu stakir miðar eru á meðal þeirra um 1700 síðna sem manntalið er skrifað á. Flestir lausu miðanna eru með upplýsingum um utansveitarfólk (flakkara) eða ómaga. Sérstaða þessa miða er að á honum eru engin nöfn fólks. Hann er hins vegar staðfesting á því að rannsakað var hvort lausgangarar (flakkarar) hefðu dvalið í sveitinni, þegar þá átti að telja, laugardagsnóttina fyrir páska. Miðinn sýnir samviskusemi hreppstjóranna eða hlýðni við fyrirmælin um manntalstökuna. Fjórir hreppstjórar skrifa undir, tveir með eigin hendi og tveir handsala undirskrift sína. Þeir síðarnefndu hafa líklega verið óskrifandi.


Þetta eru þeir sem skrifuðu undir með nútímastafsetningu:

„Sigurður Teitsson með eh (eigin hendi).

Jón Tómasson meh (með eigin hendi)

Gísli Sæmundsson handsalaði

Jón Tómasson eldri handsalaði.“



Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/14, 2. Manntalið 1703.

Strandasýsla. Vitnisburður um talningu lausgangara í Bitruhreppi.

Það voru þannig þrír hópar sem átti að telja: fjölskyldur, ómagar og flakkarar. Mælt var sérstaklega fyrir um hvenær telja átti ómaga og flakkara. Ómaga átti að skrá „næstkomandi langaföstu“ og flakkara „nóttina fyrir næstkomandi páska 1703“. ¹⁴ Þetta var auðvitað gert til þess að komast hjá því

að telja fólk oftari en einu sinni og auka þar með nákvæmni talningarinnar. Almennt gildi að fólk átti að eiga fastan samastað. Vinnufólk átti að vera vistfast frá krossmessu á vori (3. maí)¹⁵ og búferlaflutningar skyldu einungis fara fram á fardögum í sjöundu viku sumars, í lok maí eða í byrjun

14. Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, bls. XVII.

15. Sjá 7. grein Bessastaðapósta, þ.e. „Anordning om Adskilligt Politivæsenet m.v. vedkommende. Bessastad 2. April 1685“, Lovsamling for Island I, bls. 433.

júní.¹⁶ Þannig var reynt að tryggja ákveðinn stöðugleika í samfélagsgerðinni. Hættan á fleirtalningum átti sem sagt ekki að vera mikil þó að skráning stæði yfir í nokkra mánuði.

Í stað þess að fá presta til verksins áttu sýslumenn að láta hreppstjóra annast talninguna. Ástæðan var vafalítið sú að hreppstjórar voru líklegri en prestar til þess að vita hverjir voru ómagar en það var eitt verkefna hreppstjóra að skipuleggja ómagaframfærslu. Prestar höfðu ekki sýn yfir hreppinn í heild vegna þess að sóknir fylgdu sjaldnast hreppamörkum. Í einum hreppi gátu því verið býli sem tilheyrðu nokkrum sóknum. Árni og Páll hafa því talið vænlegra til árangurs að hreppstjórar önnuðust verkið.¹⁷

Sýslumenn voru æðstu embættismenn í hverri sýslu og eðlilegt að fela þeim umsjón með manntalsskráningunni. Þeir voru jafnframt ábyrgir fyrir því að skila niðurstöðum til Árna og Páls á alþingi árið 1703.

FRAMKVÆMD TALNINGAR

Fyrsta skráning fólks hófst um miðjan desember 1702 í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Almennungur í Breiðuvíkurreppi í Snæfellsnessýslu var skráður hvað síðastur, í byrjun júnímánaðar 1703. Ómagar í

Sveinsstaðahreppi í Húnavatnssýslu voru skráðir 20. júní 1703 og er það síðasta tímasetta skráningin. Síðasta undirritun undir talningarskýrslu var gerð 22. júlí sama ár við Öxará, að því er virðist eftir lok þinghaldsins.¹⁸

Manntalsskráningin fór alls fram á um sjö mánaða tímabili. Í flestum hreppum var talið í mars og í aðliggjandi mánuðum, febrúar og apríl. Skýringin er sú að á þessu tímabili átti að telja ómaga og flakkara eins og áður segir.¹⁹ Hreppstjórar báru sig að með ólíkum hætti. Sumir fóru bæ af bæ og skráðu fólk en algengt var að kalla til funda, til dæmis í kirkjum, og skrá upplýsingar þar eftir frásögnum manna.²⁰ Hreppstjórar afhentu sýslumönnum upplýsingarnar sem oft tóku saman eina sýsluskýrslu upp úr skýrslum hreppstjóranna áður en þeir afhentu þær jarðabókarnefndinni. Þegar upp var staðið höfðu Árni og Páll í höndum skráningar á fólki í öllum hreppum landsins.

Ekki verður annað sagt en að vel hafi tekist til. Ef til vill má tala um skipulagslegt eða stjórnunarlegt afrek miðað við aðstæður þess tíma og að teknu tilliti til þess þess hve margir þurftu að koma að verkinu.²¹ Auk Árna Magnússonar og Páls Vídalíns komu allir sýslumenn og hreppstjórar í landinu að framkvæmdinni. Árið 1703 voru sýslumenn 22 í 23 sýslum og samkvæmt manntalinu voru hreppstjórar 670. Það voru því nærri 700 manns sem lögðu saman krafta sína eða um

16. Magnús Már Lárusson, „Fardag. Ísland“. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder IV* (Reykjavík 1959), bls. 169.

17. Sjá nánar Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 57–62.

18. Hákon Hannesson sýslumaður í Rangárvallasýslu skrifar undir sína skýrslu 22. júlí 1703 við Öxará. Sbr. Manntal á Íslandi árið 1703, bls. 505. Sjá um þingtímann: Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 65.

19. Um talningartíma sjá Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 65–67.

20. Sjá Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 59–62.

21. Sjá einnig Helgi Skúli Kjartansson, „Var Viðey í eyði 1703?“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 78.

Folks Registrur yper Alla Snæfells
 nefs Sýslu, Anno 1703.
 Vrsi yfir Skógarstran
 var Sicut samanteked j Markio.

17. Mars	Staðir.	Hölmatur. asigkomulagad.	Alldurinn. Talar.
	Jörsteinn Sigurðsson.	Abuande freppthore Smidur.	62 ars.
	Andersin Svarna dötter.	hans kona.	63 ára
	Tharne Þorsteinsson.	þeirra sonur skipar smidur.	33. ára.
	Barbara Þorsteins dötter.	þeirra dötter til þionustu.	29 ára
	Þorsteins Þorsteins dötter.	þeirra dötter hómenn til vinnu.	22. ára
	Sigurðinn Þorsteinsson dötter.	þar vinnukona.	54. ars.
	Þorsteins Þorsteins dötter.	þeirra dötter þorsteins til vinnu.	21 ars.
	Arnasfjörð.		
	Jörsteinn Sölvagsson.	Abuande.	53 ára
	Þorsteins Jóns dötter.	hans kona.	58 ára
	Jón Þorsteinsson.	þeirra sonur til vinnu.	29 ára
	Sölvagsson Þorsteinsson.	þeirra sonur.	23 ára
	Sigurðinn Þorsteins dötter.	þeirra dötter hómenn til vinnu.	20 ára
	Þorsteinn Þorsteins dötter.	þeirra dötter.	11. ára
	Þorsteinn Þorsteins dötter.	Möður þorsteins Abuandans.	80 ára
	Snjoberg.		
17. Apr.	Þorsteinn Arnarson.	Abuande þar.	38 ára
	Þorsteinn Arnarson dötter.	hans kona.	44 ára
	Þorsteinn Arnarson dötter.	Möður Þorsteins Arnarson.	72. ára
	Þorsteinn Arnarson dötter.	þeirra sonur þorsteins Arnarson.	2. ára
	Jón Þorsteinnson.	þinnur þinnur.	20 ára
	Laxárdalur.		
	Jón Þorsteinnson.	Abuande þar hómenn til vinnu.	33. ára.
	Jón Þorsteinnson.	þinnur þinnur hómenn til vinnu.	20. ára
	Jón Þorsteinnson.	þinnur þinnur smidur.	10. ára
	Margrjet Þorsteins dötter.	þinnur dötter hómenn til vinnu.	18. ára
	Sigurður Þorsteinnson.	þinnur þinnur þinnur þinnur.	32. ára
	Þorger.		
	Þorsteinn Þorsteinnson.	Abuande mig þinnur þinnur þinnur.	48. ára
	Jón Þorsteinnson.	hans kona.	48. ára.
	Þorsteinn Þorsteinnson.	þinnur þinnur hómenn til vinnu.	17. ára

TITILSÍÐA MANNTALS ÚR SNÆFELLSSÝSLU

Manntalið 1703 er ekki ein samfelld skrá með öllum íbúum á Íslandi það ár heldur margar skrár eða skýrslur úr einstökum sýslum eða hreppum. Myndin sýnir fyrstu síðu manntals Snæfellsnessýslu. Sú skýrsla er meðal þeirra stærstu, alls 116 skrifaðar síður. Á spássiunni vinstra megin eru tvær dagsetningar, 12. mars og 13. mars, sem bendir til þess að farið hafi verið milli bæja og fólki talið á heimili sínu. Í öðrum sýslum eru dæmi um að haldnir hafi verið fundir í kirkjum.

Sýslumaður Snæfellinga, Magnús Björnsson, skrifaði undir skýrsluna á Þingvöllum við Öxará 18. júlí 1703. Hann staðfestir að fólksregistrið sé af honum uppskrifað eins rétt og hann hafi frekast getað eftir komist. Magnús virðist því sjálfur hafa haldið hér á fjaðurpenna og eiga þessa vönduðu skrift. Fyrirsagnir í þessu hefti eru með þeim glæsilegustu í öllu manntalinu.

Þegar heimilisfólk Magnúsar Björnssonar var skráð 7. júní 1703 bjó hann á sunnanverðu Snæfellsnesi, á Arnarstapa einu besta býli sýslunnar. Magnús var þá 35 ára gamall. Kona hans var Þórunn Einarsdóttir 28 ára og áttu þau einn son, Einar 9 vetra. Í heimili voru alls 14 manns, þar á meðal einn böðull.

Magnús og Þórunn létust bæði í skæðri bólusótt árið 1707. Einar sonur þeirra varð síðar sýslumaður eins og faðir hans.

1,4% landsmanna. Þessi hópur tók saman fyrstu heildstæðu skráningu þjóðar svo vitað sé.

Framkvæmd talningar og skráning upplýsinga gat verið með ólíkum hætti frá einum hreppi til annars. Engu að síður eru upplýsingarnar mjög samræmdar enda fyrirmælin um hvað átti að skrá býsna skýr.²² Varðveittar eru talningar úr öllum hreppum landsins. Dæmi eru þó um að bæi vanti. Að því verður vikið síðar. Á heildina litið verður þó varla annað sagt en að manntalið hafi heppnast vel. Til varð heildstæð talning heimila og landsmanna sem á engan sinn líka. Í þessu samhengi má nefna að í erindisbréfi Árna og Páls til sýslumanna er tekið fram að þeir hreppstjórar og húsráðendur, sem ekki hlýði manntalsfyrirmælum, geti búist við refsingu.²³ Vafalaust hefur þessi hótun aukið hlýðni manna við fyrirmælin.

Manntalsskráningin þótti sérstakt tiltæki og vakti mikla athygli. Sumir nefndu veturinn 1702–1703 manntalsvetur.²⁴ Má nærri geta að það hefur þótt óvenjulegt uppátæki og vakið umtal þegar gera átti grein fyrir öllu fólki og fænaði á fáum mánuðum. Til þessa skráningarstarfs þurfti mikinn pappír og hafði það áhrif á verðlag hans ef marka má orð höfundar *Grímsstaðaannáls* árið 1703: „Þá var pappír dýr í sveitum víða, er öllu þessu var aflokið.“²⁵

22. Mest fjölbreytni eða ósamræmi er í skráningu upplýsinga um ómaga og þurfafólk. Sjá Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Þurfamenn í manntalinu 1703“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára. Greinar í tilefni afmælis*, bls. 95–106.

23. Þorstein Þorsteinsson, „Formáli“, bls. XVII.

24. *Annálar 1400–1800 II* (Reykjavík 1927–1932), bls. 553 (Hestannáll); *Annálar 1400–1800 III* (Reykjavík 1933–1938), bls. 522 (Grímsstaðaannáll).

25. *Annálar 1400–1800 III*, bls. 523 (Grímsstaðaannáll).

Hinn far Quanda		
Eðia	Þrytja Ólínus dóttir	54 ára
Genar	Ólínus Ólafsson	27 ára
Börn	Þorinn Ólafsson dóttir	22 ára
Kelling	Halldora Ólínus dóttir	52 ára
Ós Rot		
Þor. Þor.	Magnus Þorgeirsson	68 ára
Þor. Þor.	Ólínus Magnús dóttir	20 ára
Þor. Þor.	Þor. Magnús dóttir	6 ára
Þor. Þor.	Þor. Magnús dóttir	28 ára
Hl. Hl. Hl.		
Eðia	Ólínus Magnús dóttir	77 ára
Genar	Ólínus Magnús dóttir	45 ára
Þor. Þor.	Ólínus Magnús dóttir	33 ára
Kelling	Ólínus Magnús dóttir	48 ára

LOK MANNTALSTÖKUNNAR OG AFTAKA Á ALÞINGI 1703

Árið 1703 starfaði alþingi frá 9. til 20. júlí. Á þinginu afhentu sýslumenn Árna Magnússyni og Páli Vídalín niðurstöður úr talningu fólks í sínum sýslum. Eitt af verkum þingsins var að kveða upp dóma og framfylgja þeim.

Ung kona, Katrín Þorvarðsdóttir, var 2. apríl 1703 talin á heimili sínu, Hvítanesi í Skilmannahreppi í Borgarfirði og skráð 33 ára (önnur lína neðan frá).

Katrín var dæmd til dauða fyrir að myrða barn sitt og líflátin með drekkingu á Þingvöllum 12. júlí. Katrín bar því við að barnið hefði fæðst andvana og vegna þess að hún var ekki með réttu ráði hefði hún leynt fæðingunni um mánaðartíma. Sagði hún Auðun Sigurðsson, föður barnsins, ekki hafa vitað af þessu. (Alþingisbækur Íslands IX, Reykjavík 1957–1964, bls. 221–222).

Mynd: Þí. Rentukammer. 1928, D1/7, 2. Manntalið 1703. Borgarfjarðarsýsla. Skilmannahreppur.

TAFLA 1.

Yfirlit yfir sýslur og fjölda hreppa í hverri sýslu árið 1703, gerð manntalskýrslna, fjölda stakra skýrslna um einstaka hópa manntalsins 1703 og fjölda fólks í hverri sýslu.

Sýslur	Fjöldi hreppa	Gerð manntalsskýrslna	Fjöldi stakra skýrslna um ómaga, flakkara o.fl.	Fólksfjöldi
Norður-Múlasýsla	4	Sýsluskýrsla	-	1.190
Mið-Múlasýsla	6	Sýsluskýrsla	-	1.333
Suður-Múlasýsla	7	Hreppsskýrslur	2	1.566
Austur-Skaftafellssýsla	3	Sýsluskýrsla	-	1.097
Vestur-Skaftafellssýsla	3	Hreppsskýrslur	-	1.879
Vestmannaeyjar	1	Sýsluskýrsla	-	325
Rangárvallasýsla	8	Sýsluskýrsla	1	4.251
Árnessýsla	13	Hreppsskýrslur	2	5.216
Gullbringusýsla	6	Hreppsskýrslur	-	2.607
Kjósarsýsla	3	Hreppsskýrslur	-	1.286
Borgarfjarðarsýsla	9	Hreppsskýrslur	2	2.070
Mýrasýsla	7	Hreppsskýrslur	2	1.783
Hnappadalssýsla	3	Sýsluskýrsla ¹⁾	-	640
Snæfellsnessýsla	6	Sýsluskýrsla	2	3.903
Dalasýsla	8	Sýsluskýrsla	4	1.943
Barðastrandarsýsla	10	Hreppsskýrslur	3	2.687
Vestur-Ísafjarðarsýsla	7	Sýsluskýrsla	10	2.375
Norður-Ísafjarðarsýsla	7	Sýsluskýrsla og ein hreppsskýrsla ²⁾	1	1.403
Strandasýsla	6	Sýsluskýrsla	2	1.035
Húnavatnssýsla	12	Sýsluskýrsla og fjórar hreppsskýrslur ³⁾	8	2.657
Skagafjarðarsýsla	12	Hreppsskýrslur	1	3.117
Eyjafjarðarsýsla	10	Sýsluskýrsla	-	3.061
Þingeyjarsýsla	12	Sýsluskýrsla	1	2.942
Alls	163		41	50.366

1) Hér eru tvær skrár gerðar eftir gögnum hreppstjóranna að undirlagi sýslumanns.

Litið er á þær sem eina sýsluskýrslu til einföldunar.


2) Í sýsluskýrsluna vantar Aðalvíkurhrepp og er stök skýrsla um hann.

3) Varðveittar eru, auk sýsluskýrslu með upplýsingum úr öllum hreppum, hreppsskýrslur úr Staðarhreppi, Torfustaðahreppi (Miðfjarðarsveit), Vatnsheshreppi og Þverárhreppi.

Heimild: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/1 – D1/19. Manntalið 1703; Manntalið 1703. Hagskýrslur Íslands II, 21. Reykjavík 1960.

FÓLKSFJÖLDI EFTIR KYNI Í SÝSLUM LANDSINS ÁRIÐ 1703

Heimild: *Manntalið 1703*. Hagskýrslur Íslands II, 21 (Reykjavík 1960), bls. 34–41. Þí. Rentukammer. 1928, D1/14, 2. *Manntalið 1703*. Strandasýsla. Skrá yfir ómaga og flakkara í Trékyllisvík.



MARGVÍSLEGAR UPPLÝSINGAR

Í manntalinu 1703 eru margháttadar upplýsingar. Markmiðið var að skrá alla landsmenn, allar fjölskyldur og einstaklinga sem í landinu bjuggu. En skipulagning talningarinnar og skráningaraðferð þeirra sem skrásettu afhjúpar ýmsar aðrar mikilvægar upplýsingar um samfélagið. Manntalið er jafnframt bæjatal og skrá yfir heimili, hreppa eða sveitir. Það sýnir einnig byggðamynstur, hvar var þéttbýlast, hvar fólksfjöldi var mestur og hvar minnstur. Árnessýsla og Rangárvallasýsla á Suðurlandi voru fólksflestar. Þar bjuggu

alls 9.467 manns eða nær 19% allra landsmanna. Hlutfall kynjanna var ójafnt. Karlar voru 45,4% mannfjöldans en konur 54,6%, miðað við landið allt. Karlar voru hlutfallslega fæstir í Skagafjarðarsýslu en minnstur munur á földa karla og kvenna var í Gullbringusýslu.

Manntalið veitir upplýsingar um fjölskyldugerð og aldurs-samsetningu íslensks samfélags. Þar eru tilgreind fjölmörg störf eða atvinnuheiti. Árið 1703 voru á Íslandi til dæmis 670 hreppstjórar, 245 prestar, 142 þjónustustúlkur, 112 smalar og 13 smalastúlkur, 108 smiðir, 76 skólapiltar, 43 lögréttumenn,

ÓRÁÐVANDUR MAÐUR OG FJÓRIR ÞJÓFAR

Í manntalinu 1703 er fólk skráð í virðingarröð á heimili sínu og innan hreppsins. Þannig er húsbóndi talinn fyrstur, síðan húsfreyja, börn, ættingjar, annað heimilisfólk og endað á ómögum þegar þeir voru skráðir á heimili. Annars voru ómagar og flakkarar skráðir sem sérstakur hópur síðast í hverjum hreppi. Í þessum anda eru fimm óráðvandar menn í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu skráðir á eftir ómögum og hafðir neðst á síðustu síðu manntalslistans. Hér er sá hluti síðunnar birtur. Hinir óráðvöndu voru þessir ritað með nútímastafsetningu:

„Gísli Oddsson óráðvandur



Jón Þórðarson markaður þjófur

Bjarni Símonsson markaður þjófur

Grímur Ólafsson markaður þjófur

Gísli Þorkelsson dæmdur þjófur.“

Ein af þeim refsingum, sem þjófur voru beittir, var mörkun. Þannig var hægt að þekkja þjófa og varast þá. Tveimur af þessum mönnum var refsað á alþingi árið 1703. Jón Þórðarson var hengdur fyrir innbrot og ítrekaðan þjófnað. Gísli Oddsson var einnig dæmdur fyrir þjófnað en sakir ungs aldur og þess að hafa ekki áður verið dæmdur hlaut hann ekki dauðadóminn húðlátsrefsingu svo lá við dauða. (Alþingisbækur Íslands IX, bls. 225–226).



Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/5, 7. Manntalið 1703. Árnessýsla. Austrahreppur (Gnúpverjahreppur).

38 barnfóstrur, 7 böðlar og 6 fálkafangarar.²⁶ Og ekki má gleyma nöfnum þeirra sem skráðir eru. Skírnarnöfn voru alls 725; 387 karlmannsnöfn og 338 kvenmannsnöfn. Algengustu skírnarnöfnin voru Jón og Guðrún. Tæpur fjórðungur karla hét Jón og fimmta hver kona hét Guðrún.²⁷ Samkvæmt vef Hagstofu Íslands voru Jón og Guðrún enn algengustu nöfn hér á landi í byrjun árs 2016.²⁸ Margvísleg önnur tölfræði hefur verið tekin saman á grundvelli manntalsins og vísast þar til rits Hagstofu Íslands frá 1960.²⁹

SKJÖLIN RANNSÖKUÐ

Grundvöllur að umsókn til UNESCO um að taka manntalið 1703 á skrána *Minni heimsins* var lagður árið 2002. Þá var hafist handa við að rannsaka frumskjölin, greina einkenni þeirra og hvaða upplýsingar þau hefðu að geyma. Að því var unnið fram á árið 2003. Skráð voru fjölmörg einkenni skjalanna, fjöldi manntalsskýrsla, stærð síðna og síðufjöldi. Athugað var hvort undirskriftir hreppstjóra væru á talningarskýrslum, hvort dagsetningar talningar eða undirritunar væru til staðar og fleira af því tagi.

26. *Manntalið 1703*. Hagskýrslur Íslands II, 21 (Reykjavík 1960), bls. 54–57.

27. Ólafur Lárusson, „Nöfn Íslendinga árið 1703“, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta*. Annar flokkur, II, 2 (Reykjavík 1960), bls. 3. Alls voru Jónar 5363 og Guðrúnar 5410. Sbr. bls. 18 og 34.

28. 1. janúar 2016 hétu 5255 karlar Jón að fyrsta nafni (3,14%) og 4757 konur hétu Guðrún að fyrsta nafni (2,88%). Sbr. <http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_Faeddirdanir__Nofn>. 15. febrúar 2017.

29. *Hagskýrslur Íslands II*, 21.

30. Sjá Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 62–64.

31. ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/1 – D1/19. Manntalið 1703.

Manntalið er skráð í hefti eða bækur og á lausa miða. Alls eru 75 hefti með skráningum úr stökum hreppum. Þau stystu eru fáeinar síður. Þá eru 14 sýsluhefti eða bækur en það eru hefti sem sýslumenn hafa tekið saman eða látið taka saman fyrir sýslu sína á grundvelli skráningargagna frá hreppstjórum. Auk þess tilheyrir manntalinu 41 stakur miði eða blöð. Flest þeirra eru með upplýsingum um ómaga og utansveitarfólk sem í þeim tilvikum hefur verið talið á öðrum tíma en aðrir íbúar hreppsins.³⁰ Manntalið er skráð á 1709 blaðsíður.³¹ Niðurstöður þessarar rannsóknar voru m.a. lagðar til grundvallar erindi sem flutt var á málþingi 15. nóvember 2003 í tilefni 300 ára afmælis manntalsins.³² Nokkrir sagnfræðingar greindu þar frá rannsóknnum sínum á manntalinu.³³

AÐDRAGANDI UMSÓKNAR TIL UNESCO

Snemma árs 2003 mótaðist í Þjóðskjalasafni hugmynd um að sækjast eftir því að manntalið 1703 yrði tekið á skrána *Minni heimsins*.³⁴ Sótt var um fjárstuðning menntamálaráðuneytis til að gefa út manntalið á geisladiski en hann var talinn forsenda þess að hægt væri að leggja fram góða og raunhæfa umsókn. Umbeðinn stuðningur fékkst ekki.³⁵ Hvorki varð af útgáfunni

32. Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 51–72.

33. *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára. Greinar í tilefni afmælis*. Ritstjórar: Ólöf Garðarsdóttir og Eiríkur G. Guðmundsson (Reykjavík 2005).

34. ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Bréfasafn, bréfalykilsnúmer 022-6. Minnisblað þjóðskjalavarðar til menntamálaráðuneytis um útgáfu manntalsins á geisladiski, dags. 30. apríl 2003.

35. ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Bréfasafn, bréfalykilsnúmer 022-6. Bréf menntamálaráðuneytis til Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 29. október 2003.

SKRÁNING Á LISTA UNESCO MINNI HEIMSINS

Árið 2012 sótti Þjóðskjalasafn Íslands um það til UNESCO að manntalið 1703 yrði tekið á skrá yfir minni heimsins. Umsóknin bar árangur og var manntalið tekið á skrána 18. júní 2013.

Í greinargerð UNESCO segir m.a.: „The inclusion of this documentary heritage on the Memory of the World Register reflects its exceptional value and signifies that it should be

protected for the benefit of all humanity.“ (ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Málafn, málsnúmer 1301045. Bréf Jánis Kärklin, Assistant Director General for Communication and information UNESCO, dags. 2. september 2013).

Viðurkenningarskjal frá UNESCO um að *The 1703 Census of Iceland*, sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni Íslands, hafi verið skráð á lista Sameinuðu Þjóðanna *Memory of The World International Register*. Skjalið er undirritað af aðalframkvæmdastjóra samtakanna Irinu Bokovu.



Mynd: ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Málafn, málsnúmer 1301045. Viðurkenningarskjal UNESCO, dags. 18. júní 2013.

né heldur var umsókn til UNESCO skrifuð þá. Sumarið 2004 var með stuðningi Nýsköpunarsjóðs hafist handa við rannsókn á skjölum kvikfjártalsins 1703 með það að markmiði að gefa það út.³⁶ Af útgáfu hefur ekki orðið enn.

Um þetta leyti komu upp hugmyndir um að umsókn til UNESCO ætti að taka til manntalsins 1703, jarðabókar Árna og Páls og kvikfjártalsins árið 1703. Saman gæfu þessar þrjár heimildir einstakt tækifæri til að rannsaka ítarlega löngu horfið landbúnaðarsamfélag í Evrópu. Á þeirri forsendu var enn þá unnið árið 2010.³⁷ Þá hafði vinna við rannsókn og útgáfu á skjölum kvikfjártalsins legið niðri í nokkur misseri. Árið 2012, í aðdraganda 130 ára afmælis Þjóðskjalasafns, var ákveðið að snúa aftur til upphaflegu hugmyndarinnar og sækja eingöngu um upptöku manntalsins 1703 á lista UNESCO *Minni heimsins*. Umsókn var send fyrir afmæli safnsins 3. apríl 2012. Hún bar góðan árangur og var manntalið tekið á ofangreindan lista 18. júní 2013.³⁸

SAMEIGINLEGUR MENNINGARARFUR DANA OG ÍSLENDINGA

Þær upplýsingar, sem jarðabókarnefndin safnaði á Íslandi á árunum 1702–1714, urðu til við samspil stjórnarhátta og hugmynda, sem voru uppi í danska konungsríkinu, og erfiðra

náttúruskilyrða og aðstæðna hér á landi. Dönsk stjórnvöld fyrirskipuðu rannsókn á íslensku samfélagi árið 1702 og við þá athugun urðu til opinber skjöl í danskri stjórnsýslu sem höfðu, eðli málsins samkvæmt, í skjalasöfnum stjórnvalda í Kaupmannahöfn. Manntalið er því vitnisburður um framkvæmd danskra stjórnsýslu þótt það hafi orðið til í höndum íslenskra starfsmanna þessarar stjórnsýslu og lýsi íslensku samfélagi og er í þeim skilningi íslenskt. Manntalið og önnur skjöl jarðabókarnefndarinnar eru með þessum hætti sameiginlegur menningararfur Dana og Íslendinga. Þennan menningararf hafa Íslendingar tekið að sér að varðveita.

Saga sjálfra frumskjalanna er í stuttu máli á þessa leið: Talingarlistunum var skilað til Árna Magnússonar og Páls Vídalíns á alþingi í júlí 1703. Þaðan flutti Árni þau með sér í Skálholt þar sem hann hafði aðsetur þessi ár. Fræðimenn hafa jafnan gengið út frá því að manntalsskjölin hafi verið send til Kaupmannahafnar skömmu eftir að manntalið var tekið.³⁹ Hið sanna hefur hins vegar lengi legið fyrir í gögnum Árna Magnússonar sjálfs, þ.e. í greinargerð hans um þau handrit og skjöl sem hann skildi eftir í Skálholti þegar hann fór af landi brott í hinsta sinn árið 1712. Þar kemur fram að „Manntaled um allt land“ var í hvítu kistu innlæstri.⁴⁰

Peter Raben stiftamtmaður flutti skjöl og handrit Árna til Kaupmannahafnar árið 1720 á freigátunni Söeridderen.⁴¹

36. ÞÍ. *Rannsókn og útgáfa á kvikfjártali árið 1703*. Verkefni um rannsókn og miðlun menningarefnis skipulagt af Þjóðskjalasafni Íslands (2004). Vefur Þjóðskjalasafns: <<http://skjalasafn.is/files/docs/Rannsokn-og-utgafa-a-kvikfjartali-arid-1703.pdf>>, 30. september 2014.

37. ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Bréfasafn, bréfalykilnúmer 016-1. Bréf Þjóðskjalasafns til Joie Springer, Knowledge Societies Division UNESCO, dags. 23. mars 2010.

38. ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Málafsn, málsnúmer 1301045. Bréf Þjóðskjalasafns til Joie Springer, Knowledge Societies Division UNESCO, dags. 2. apríl 2012. Viðurkenningarskjal UNESCO, undirritað af aðalframkvæmdastjóra samtakanna Irinu Bokovu 18. júní 2013.

39. Sjá t.d. Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, bls. IX; Eiríkur G. Guðmundsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Inngangur“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 12. Jón Steffensen telur þó líklegt að Árni hafi viljað hafa manntalið við höndina meðan gerð jarðabókarinnar stóð, sbr. „Árni Magnússon og manntalið 1703“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 71 (1974), bls. 99. Og getur svo hafa verið því að skjölin voru hér á landi þann tíma sem unnið var að jarðabókinni en því verki lauk árið 1714.

40. *Árni Magnússons Levned og Skrifter* II (København 1930), bls. 228. Af samhengi virðist mega ráða að innlæst kista hafi verið með innfelldan lás eða læsingu eins og skúffur sem hægt er að læsa í dag.

41. Raben flutti frá Íslandi til Danmerkur 55 kistur Árna Magnússonar og inngislaðan pakka með bréfum. Sjá Már Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 292–293.

Í sautján ár eftir töku manntalsins voru frumskjöl þess sem sagt geymd hér á landi, væntanlega alltaf í Skálholti. En þar geymdi Árni í kistum handrit og skjöl sem hann safnaði meðan hann var á Íslandi og starfaði fyrir dönsku stjórnina, auk þeirra skjala sem til urðu vegna þeirra starfa.⁴² Í Danmörku fengu manntalsskjölin samastað í rentukammerinu og eðlilega síðar í ríkisskjalasafni Dana.

Árið 1914 fékk Jón Þorkelsson landsskjalavörður því til leiðar komið að skjölin voru dregin fram. Er líklegt að áhugi á manntölum á Íslandi hafi aukist vegna stofnunar Hagstofu Íslands þetta ár. Árið 1921 voru manntalsskjölin ásamt ýmsum öðrum manntals- og hagsýslugögnum frá 18. öld lánuð Stjórnarráði Íslands, að beiðni Þorsteins Þorsteinssonar hagstofustjóra að viðhöfðu samráði við Þjóðskjalasafn. Manntalsgögnin voru flutt til Íslands í ágústmánuði árið 1921 með Gullfossi, fyrsta skipi Eimskipafélagsins, í vörslu Péturs Gíslasonar annars stýrimanns.⁴³ Manntalið var svo tilgreint sem hluti mikillar skjalaafhendingar Dana til Íslendinga árið 1928 á grundvelli samnings frá árinu áður.⁴⁴

42. Sjá Mór Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 281–285.

43. Þetta gerðist fyrir atbeina Þorsteins Þorsteinssonar hagstofustjóra, með skriflegri beiðni forsætisráðherra og milligöngu sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn sem fékk skjölin í hendur og sendi þau Hagstofunni með skipinu Gullfossi í ágúst 1921. Sjá *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. IX; *ÞÍ*. Hagstofa Íslands. 1996–78, BB/2, örk 1. Bréf hagstofustjóra til Stjórnarráðsins, dags. 18. maí 1921 (bréfsnúmer 571), bréf sendiráðsins í Kaupmannahöfn til hagstofustjóra, dags. 22. ágúst 1921, bréf til sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn frá hagstofustjóra, dags. 26. nóv. 1921 (bréfsnúmer 1070); *ÞÍ*. Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 1988–48, C/2. Bréfabók II 1921. Afrit af sendum bréfum. Bréf sendiráðsins til Undervisningsministeriet, dags. 18. ágúst 1921 (bréfsnúmer 747).

44. Í íslenskri gerð fylgiskjala með afhendingunni 1928 stendur: „1703. Manntal til fólksstals á Íslandi“ (1 böggull). *ÞÍ*. Skjalasafn Þjóðskjalasafns CB/1 C, örk 6; *Samningar Íslands við erlend ríki sem taldir eru í gildi í árslok 1961, að undanskildum tæknilegum samningum og lánssamningum II. Samningar við einstök ríki*. Helgi P. Briem bjó undir prentun (Reykjavík 1963), bls. 1072. (Samningur um gagnkvæma afhendingu úr söfnun á bókum og skjölum 15. október 1927).

45. Jón Steffensen, „Árni Magnússon og manntalið 1703“, bls. 95–104.

TALID Í KJÖLFAR SKRÁNINGAR, FYRSTA TALNING

Ekki hafa fundist upplýsingar um að Árni Magnússon og Páll Vídalín hafi tekið saman upplýsingar um fjölda Íslendinga í kjölfar talningarstarfsins og sent til stjórnvalda í Kaupmannahöfn. Tvennt bendir þó til þess að það hafi þeir samt sem áður gert og Jón Steffensen hefur stutt það með rökum.⁴⁵ Hér verður frekari stöðum rennt undir þá tilgátu. Áður en lengra er haldið er rétt að geta þess að Árni er líklegri en Páll til þess að hafa staðið fyrir talningu úr manntalinu enda var það hann sem varðveitti gögn jarðabókarnefndarinnar ásamt handritum sínum í Skálholti þar sem hann hafði vetursetu þessi ár.⁴⁶


Fyrri staðreyndin er sú að Árni vissi árið 1709 að fjórðungur Íslendinga hefði látist í hinna skæðu bólusótt, stórubólu 1707–1709.⁴⁷ Til þess að reikna það út hefur hann þurft að þekkja fjölda landsmanna og að vita hve margir dóu í bólunni.⁴⁸ Hvort tveggja gat hann vitað, manntalið hafði hann og íslensk yfirvöld létu telja þá sem létust í bólunni og þær upplýsingar hafa einnig verið honum tiltækar.⁴⁹

46. Árni var hér á landi frá árinu 1702 til 1712 fyrir utan veturna 1705–1706 og 1708–1709, sbr. Mór Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 255, 260, 268, 285. Þess má geta að kistur Árna, sem hann skildi eftir í Skálholti við förina til Danmerkur 1712, voru læstar. Páll Hákonarson fékk lykla að þeim eða hluta þeirra. Sjá Mór Jónsson, *Árni Magnússon*, bls. 285.

47. Árni Magnússon skrifar í skýrslu til rentukammers í júní 1709 að stórabóla (1707–1709) hafi fellt „ongefir den 4de deel af folkene i landet“. *Arne Magnussons Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker* (København og Kristiania 1916), bls. 324. Sjá einnig Jón Steffensen, „Árni Magnússon og manntalið 1703“, bls. 100–101.

48. Eiríkur G. Guðmundsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Inngangur“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 20–21.

49. Að fyrirætlum biskupa tóku prestar saman fjölda þeirra sem dóu í bólunni og var hann á bilinu 13 til 14 þúsund. Sjá Eiríkur G. Guðmundsson, *Den store koppepidemi i Island 1707–1709*, forlög og virke. (Kaupmannahöfn 2009), bls. 77–81.



BESSASTAÐIR Á ÁLFTANESI

Þessi hluti myndar frá 1720 sýnir kónglegar majestatis garð Bessastaði á Álftanesi skammt frá Reykjavík, aðsetur yfirstjórnar Dana á Íslandi. Í skýringum, sem fylgja teikningunni, kemur fram að amtmáðurinn hafi búið í þeim hluta bygginganna sem merktur er A. Landfógetinn bjó andspænis í byggingunni sem merkt er F. Ástand húsanna var almennt talið vera slæmt.

Húsin eru byggð að danskri fyrirmynd. Kirkjan til hægri (G), vígð heilögum Nikulási, dregur þó frekar dóm af íslenskrí kirkjusmíð. Kirkjan, sem nú stendur, var reist utan um þessa kirkju sem þjónaði áfram meðan steinkirkjan var í byggingu. Núverandi Bessastaðastofa stendur þar sem bindingsverkshúsið (F) er á teikningunni.

Árið 1703 voru alls 24 einstaklingar til heimilis í þessum húsum sem voru frekar tilkomumikil á íslenskan mælikvarða. Fyrstur var nefndur æðsti embættismaður landsins, Jörgen Christian Möller amtmáður. Með honum var dóttir hans Karen. Líkast til hefur ekki þótt við hæfi að grennslast fyrir um aldur þessa fyrirfólks og það því skráð án aldurs. Á staðnum bjó einnig Paul Beyer, síðar landfógeti, og tólf aðrir heimilismenn hans. Ellefu þeirra voru íslenskt vinnufólk, einkum karlar. Á þriðja heimilinu var einnig danskur húsbóndi, Jens Jörgenson og með honum fjórir Danir og fjórir Íslendingar, tveir vinnumenn og tvær vinnukonur.

Mynd: ÞÍ. Teikningasafn. C. I. 1. Teikningar af Bessastöðum 1720.

A Kongl: May^{te} gæfde Bessastöðum erheimilis
og friustu þölk.

1^o Lía Welfela og Welfelmann af Angptmannum
Jörgen Christian
Carin Christiansdóttir

2^o Lía af Lande forpachtera fullmættigum
Mons^r Paulé Beyer.

Christian Michelson

Forliður Liarnarson fernistigjættur

Olufur Oystason

Vigfurdur magnússon

Ogmon Vigfurdsson

Eirikur Vigfurdsson

Jon Jægasen

Jon As Leifsson

Magnúss fälsson

Petliur Jællsson

Disfraydur Jansdóttir

For gæddur Jansdóttir

3^o Lía Mons^r Jans Jorgensen

Gætt Lierasta Sophia Maurichdóttir

Gætt Mættur Katrína.

Johann Maurichson

Anna Maurichdóttir

124

26

51

40

22

25

25

29

48

21

21

Síðari staðreyndin er tilvist skjals eða skjala með upplýsingum um fólksfjöldann 1703 í töfluformi þar sem fjöldi fólks í hverri sýslu er tilgreindur eftir kyni. Þessi tafla er mjög sennilega runnin frá Árna. Á prenti er þessara upplýsinga fyrst getið af Hannesi Finnssyni biskupi í ritgerðinni *Mannfækkun af hallærum á Íslandi* sem út kom árið 1796.⁵⁰ Þá hafði hann undir höndum þessa samantekt og birti þar. Í ljós hefur komið að Skúli Magnússon landfógeti hafði einnig slíka samantekt undir höndum þegar hann taldi úr manntalinu 1703 á árunum 1777–1778 (sjá viðauka 2). Sú tafla er varðveitt í skjalasafni landfógeta í Þjóðskjalasafni og er með hendi Skúla.⁵¹ Hún er samhljóða töflu Hannesar að öðru leyti en því að Íslendingar eru þar taldir vera einum fleiri, 50.682 (sjá viðauka 1). Hannes segir að taflan, sem hann hafi í sinni vörslu, sé með hendi Jóns Snorrasonar, sýslumanns Skagfirðinga 1757–1771, og voru Íslendingar samkvæmt henni 50.681.⁵² Faðir Jóns, Snorri, var bróðursonur Árna. Hann var nemandi í Skálholtsskóla árin 1702–1705 og í Skálholti veturinn 1705–1706. Jón Steffensen telur líklegt að á þessum tíma hafi Árni Magnússon unnið úr manntalinu og að samantektin sem Hannes biskup hafði í sínum förum sé runnin frá þessari vinnu um hendur Snorra, föður Jóns sýslumanns.⁵³ Þetta er sennilegt. En nú verður áleitin sú spurning hvar Skúli Magnússon hafi fengið sínar upplýsingar?

Svo vill til að Jón Snorrason sýslumaður var tengdasonur Skúla. Skrifaði Skúli töflu sína eftir gögnum Jóns eða fann Skúli talningu Árna Magnússonar í rentukammerinu þegar hann vann að jarðabókinni 1760 í Kaupmannahöfn? Fékk Jón ef til vill upplýsingarnar hjá Skúla? Úr þessu verður ekki skorið hér.

Ekki verður betur séð en að Hannes og Skúli hafi haft undir höndum sitthvort afritið af fyrstu talningunni sem Árni lét gera. Sú staðreynd að Árni hafði manntalsskjölin í förum sínum meðan hann var hér á landi rennir stoðum undir líkindi þess að hann eða einhver á hans vegum hafi talið mannfjöldann, greint hann eftir sýslum og kyni eins og í töflunni sem Hannes og Skúli höfðu í förum sínum.

Miðað við það sem áður greinir virðist Árni hafa geymt manntalið í læstri kistu og aðrir því ekki haft aðgang að því. Þá verður það að teljast mjög eðlilegt, svo ekki sé kveðið fastar að orði, að Árni og Páll hafi viljað vita hver var niðurstaða hins mikla talningarverks sem þeir stýrðu og voru ábyrgir fyrir. Ljóst er að Árni hefur gaumgæft talningarskýrslurnar vegna þess að hann hefur merkt nokkrar þeirra með því að skrifa utan á þær hvaðan þær voru eða setja örk utan um skýrslur úr tiltekinni sýslu, svo sem „Manntal ur Arness Syslu“ (sjá viðauka 3).⁵⁴ Árni hefur ef til vill verið að

50. Hannes Finnsson, „Um mannfækkun af hallærum á Íslandi“, *Rit þess konúngliga íslenska Lærdómslistafélags XIV* (Kaupmannahöfn 1796), bls. 30–226.

51. ÞÍ. Skjalasafn landfógeta, XXVIII, 1. Skjalabók með margvíslegu innihaldi, einkum jarðaskrár. Bókin er alls 306 blaðsíður og á síðum 301–306 eru tvær töflur yfir fólksfjölda á Íslandi. Önnur fyrir árið 1703 (bls. 301) og hin er samanburðartafla yfir fólksfjöldann árin 1703 og 1769 (bls. 304 og 305). Taflan fyrir árið 1703 er án nokkurs vafa af sama uppruna og tafla Hannesar biskups Finnssonar með hendi Jóns Snorrasonar. Yfirskriftin er hliðstæð þeirri hjá Hannesi: „Eftter det i Aaret 1703 udj Island tagne Mandtal findes Folket at have været i ethvert Sysse som følger.“ Samanburðartaflan er hliðstæð, líklega uppkast Skúla að yfirlitstöflu þeirri sem hann að lokum skráði í viðbæti við jarðabók sína árið 1778, sjá neðanmálgrein 57, með heildarmannfjöldann 50.444. Þar ber Skúli saman mannfjölda árin 1703 og 1769. Fólksfjöldatölurnar í uppkasti Skúla eru sömu tölur og í töflunni með hendi Jóns Snorrasonar. Ég þakka Gísla Baldri Róbertssyni fyrir að benda mér á þessa heimild.

52. Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*. Jón Eypórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna (Reykjavík 1970), bls. 164–165.

53. Sjá Jón Steffensen „Árni Magnússon og manntalið 1703“, bls. 99–100.

54. Auk þess að skrifa með eigin hendi utan á blað utan um skrár úr Arnessýslu gerði hann slíkt hið sama á blað utan um skýrslur úr Vestur-Skaftafellssýslu: „Folks-Registur ur vestara parte Skaftafells Syslu.“ Þá skrifaði Árni utan á þrjár skýrslur: „Folks Registur ur Sysluparte Bessa Gudmundssonar“, „Manntal ur Grimsnese.“ og „Manntal af Kjalarnese“. ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/19, 1. Manntalið 1703. Gamlar umbúðir. Arkir með áritun Árna Magnússonar. D1/1, 2. Manntalið 1703. Mið- Múlasýsla, D1/5, 11. Manntalið 1703. Arnessýsla. Grimsneshreppur, D1/6, 8. Manntalið 1703. Kjósarsýsla. Kjalarneshreppur.

sannreyna hvort talningar úr öllum hreppum hafi skilað sér á alþingi 1703. En ekki er síður líklegt að hann hafi merkt skýrslurnar í tengslum við talningu á fólksfjöldanum sem nú má slá föstu að gerð var á árabílinu 1703 til 1709 og ekki annað hægt en að kenna hana við Árna Magnússon, þótt vera megi að hann hafi fengið skólapilt eða pilt í Skálholti til sjálfrar talningarinnar. Skúli Magnússon landfógeti skildi eftir sig sams konar ummerki þegar hann vann sínar tölur úr skýrslunum á áttunda áratug 18. aldar. Þá skrifaði hann í nokkrum tilvikum með eigin hendi á skýrslur og arkir utan um talningarskýrslur (sjá viðauka 3).⁵⁵

TÖLFRÆÐI SKÚLA MAGNÚSSONAR, ÖNNUR TALNING

Í Kaupmannahöfn var manntalið varðveitt í skjalasafni rentukammers ásamt jarðabókarskjölum og kvikfjártali. Ekki verður séð að unnið hafi verið með manntalsskýrslurnar í Danmörku fyrr en Skúli Magnússon gerði það og virðast gögnin hafa legið þar, lítt nothæf til stjórnsýslu og ónotuð, í áratugi. Á sjöunda og áttunda tug 18. aldar vann Skúli úr þeim jarðabók, kennda við árið 1760, og tölfræði, svo sem yfirlit yfir fjölda fólks og kvikfjár.⁵⁶ Þar með lauk hann í

raun þeirri vinnu, sem Árni og Páll hófu á sínum tíma, með því að búa til jarðabók í fimm bindum til þess að nota í stjórnarskrifstofunum í Kaupmannahöfn.

Sjötta bindi jarðabókarinnar, kallað Viðbætir, vann Skúli árin 1777–1778.⁵⁷ Það er yfirlit í töfluformi yfir fjölda fólks í manntalinu 1703 og fjölda kvikfjár. Bókin er samantekt þar sem hvert býli, í hverri þingsókn⁵⁸ og hverri sýslu, er tilgreint með nafni, fjölda heimilisfólks og fjölda kvikfjár hvers heimilis ef upplýsingar um slíkt lágu fyrir. Fjöldi heimila er skráður ásamt tölum um ómaga og utansveitarfólk í hverri sókn.

Í talningarniðurstöðum Skúla Magnússonar í Viðbætinum eru fjölskyldur 7.537 og Íslendingar alls 50.444 (sjá viðauka 4).⁵⁹ Yfirlitstafla Skúla sýnir einnig fjölda þeirra sem voru 70 ára og eldri, í tíu ára aldursbilum, í hverri sýslu. Í töflunni er jafnframt samanburður við niðurstöður manntalsins 1769.⁶⁰ Tölur Skúla yfir fjölda fólks í sýslum árið 1703 eru í ýmsum atriðum frábrugðnar þeim sem eru í fyrstu talningunni. Heildarfjöldinn er nokkru lægri hjá Skúla. Hér verður því haldið fram að talning Skúla sé vandaðri og nákvæmari en unnt var að gera í fyrstu lotu.

55. Skúli skrifaði utan á tvær skýrslur og fimm blöð (arkir) utan um skýrslur: „Hunewands Syssel“, „Rutefiord“, „Mulesyssels folke Antal og QvægsRegister Aar 1703“, „Skaptefield Syssel“, „Guldbringe Syssel Kiose Syssel“, „Borgefiords – Syssel“ og „Myre Syssel“, bl. Rentukammer. 1928, D1/15, 2. Manntalið 1703. Húnavatnssýsla. Þingeyrarklaustur, D1/15, 8. Manntalið 1703. Húnavatnssýsla. Staðarhreppur, D1/19, 2. Manntalið 1703. Gamlar umbúðir. Arkir með áritun Skúla Magnússonar.

56. Jón Eiríksson gerir grein fyrir þessu í inngangi að Ferðabók Olaus Olavius 1780, Jón Eiríksson, „Forberedelse“, *Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige, og nordostlige Kanter af Island II* (København 1780), bls. LXIX–LXXIII. Sjá Eiríkur G. Guðmundsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Inngangur“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 21; Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, bls. IX. Sjá einnig Þorsteinn Þorsteinsson, „Manntalið 1703“, *Andvari* 72 (1947), bls. 32. Þá gerir Arnþjótur Ólafsson ágæta grein fyrir sögu fólksfjöldarannsóknar í grein sinni „Um búnaðarhagi Íslendinga“, *Skýrslur um landshagi á Íslandi II* (Kaupmannahöfn 1861), bls. 31–220.

57. Þí. Rentukammer. 1928, E/45. Viðbætir við Jarðabók Skúla Magnússonar, saminn af Skúla Magnússyni 1778 [hér eftir nefndur Viðbætir].

58. Þingsókn gat náð yfir fleiri en einn hrepp. Þannig voru til dæmis Viðvíkurhreppur (Viðvíkursveit) og Hólahreppur í Skagafirði ein þingsókn sem nefndist Viðvíkurþingsókn. Sjá Þí. Rentukammer. 1928, E/45. Viðbætir, bls. 485–487.

59. Þí. Rentukammer. 1928, E/45. Viðbætir, bls. 557–558. Sbr. Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, bls. IX.

60. Þí. Rentukammer. 1928, E/45. Viðbætir, bls. 557–558. Olaus Olavius, *Oeconomisk Reise II*, bls. 657.

Fáum árum síðar eða árið 1784 lauk Skúli Magnússon við annan viðbæti sem er hliðstæð tölfraði og sú fyrri en með öðrum mikilvægum upplýsingum sem er fyrsta flokkunin á mannfjöldanum árið 1703 eftir atvinnuvegum. Í henni flokkar Skúli fólksfjöldann eftir því hvort húsráðandi lifi eingöngu af landbúnaði (69%), í öðru lagi af landbúnaði og að nokkru af sjósókn um sumar (15%) og í þriðja lagi eftir því hvort bóndi stundi auk landbúnaðar, bæði vetrar- og sumarvertíð (16%).⁶¹

Talning Skúla Magnússonar á mannfjöldanum frá árinu 1703 er, eftir því sem best verður séð önnur talningin sem unnin var upp úr frumskýrslunum. Hún var gerð að frumkvæði danskra stjórnvalda og er jafnframt fyrsta tölfraðin sem birt var opinberlega á þeirra vegum. Niðurstöðurnar voru prentaðar í öðru bindi bókar Ólafs Olaviusar *Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige, og nordostlige Kanter af Island* sem út kom í Kaupmannahöfn árið 1780.⁶²

Fyrir útkomu bókar Olaviusar voru hugmyndir um fjölda Íslendinga á reiki.⁶³ Í inngangi að riti Páls Vídalíns, *Deo, Regi, Patriæ*, sem út kom árið 1768, reifar Jón Eiríksson hugmyndir manna um fjölda fólks á Íslandi og segir að ekki sé vitað með vissu hver hann sé en að nefndar hafi verið tölurnar 80 og 50 þúsund manns.⁶⁴ Reyndar er ólíklegt annað en að talan 50 þúsund sé komin frá talningu Árna úr manntalinu 1703.

61. ÞÍ. Rentukammer. 1928, E/52. Viðbætur við Jarðabók Skúla Magnússonar. Saminn af Skúla Magnússyni 1784, bls. 452–470. Sjá Arnljótur Ólafsson, „Um búnaðarhagi Íslendinga“, bls. 64–67, 71–72. Sjá auk þess Þorsteinn Þorsteinsson „Manntalið 1703“, *Andvari* 72 (1947), bls. 43.

62. Olaus Olavius, *Oeconomisk Reise* II, bls. 657. Þess er getið að tölurnar byggist á manntalslistunum frá 1703 sem eru í skjalasafni rentukammersins.

63. Sjá Jón Steffensen, „Árni Magnússon og manntalið 1703“, bls. 104.

64. Jón Eiríksson, „Indledning“, *Udtog af afgangne Lavmand Povel Vidalíns Afhandling om Islands Opkomst under Titel Deo, Regi, Patriæ*; samt nogle andres af samme Indhold anvendt paa nærværende Tider (Sorøe 1768), bls. 29. Jón segir: „Menneskenes Antall i Landet vides ikke netop“ og getur þess að menn hafi talið að fólksfjöldinn hafi verið yfir 100.000 fyrir stórubólu (1707–1709) en eftir hana hafi verið nefndar tölurnar 80.000 og 50.000. Hann vísar þar í bók eftir Johann Anderson, borgarstjóra í Hamborg, nánar tiltekið til orða Jóns Þorkelssonar (Þorkillius) í „Tilgift som Videre Efterretning og Notice Om Island“, *Efterretninger om Island, Grønland og Strat Davis. Til Videnskabernes og*

Í inngangi að riti Ólafs Olaviusar tólf árum síðar fagnar Jón Eiríksson því svo að Skúla Magnússyni hafi tekist að búa til fullkomið manntal yfir allt landið árið 1703.⁶⁵ Greitt hafði verið úr óvissunni.

ÁREIDANLEIKI MANNTALSINS

Ljóst er af fyrirmælum um töku manntalsins, sem fyrr er frá greint, að telja skyldi alla Íslendinga. Hversu vel náðist það markmið? Í hinni gagnmerku samantekt Skúla Magnússonar, Viðbætinum, skráir Skúli heiti býla eftir jarðabókinni árið 1760 og ef býlið er ekki skráð í manntalinu 1703 getur hann þess, jafnan með orðalaginu „af fortegnelsen udeladt“, þ.e. vantar í skrána, og á við að býlið og heimilismenn vanti í manntalið. Stundum er talað um „udeladt af fortegnerne“ og er þá átt við að býli vanti bæði í manntalið og í kvikfjártalið. Athugasemdir af þessu tagi eru alls 65.⁶⁶ Til þess að sannreyna hvort gerð hafi verið mistök við manntalsskráninguna og umræddir bæir hafi verið í byggð árið 1703 er best að leita svara í jarðabók Árna og Páls og í kvikfjartalínu árið 1703. Kemur þá í ljós að í 37 tilvikum var öruggt eða nær öruggt að býli var í eyði á talningartímanum.⁶⁷ Óvíst er um 18 tilvik. Í þremur tilvikum skráir Skúli ranglega að býli séu ekki í manntalinu.⁶⁸

Handelens sande Nytte med Kobberstykker, og et Landkort. Hvortil er videre føyet en tilforladelig Beskrivelse over Lapmarken. København 1748, bls. 334.

65. Jón Eiríksson, „Forberedelse“, bls. LXXII.

66. ÞÍ. Rentukammer. 1928, E/45. Viðbætur, bls. 1, 7, 9, 11, 31, 125, 137, 164, 172, 220, 232, 258, 387, 395, 450, 452, 456, 465, 473, 479, 490, 491, 506, 511, 530, 536, 540, 544, 546, 549. Flestar eru athugasemdirnar við býli á Norðurlandi, alls 29, næstflestar á Austurlandi 16.



67. Af þessum tilvikum eru 16 úr Múlasýslum og tvö úr Skaftafellssýslum. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er ekki varðveitt frá þessum sýslum. Kvikfjærtöl eru hins vegar til úr þessum sýslum og samkvæmt Skúla vantar þessa bæi í bæði manntal og kvikfjærtöl. Það er hér látið nægja til þess að álykta að býlin hafi verið í eyði.

68. Bjarnastaðir í Sveinsstaðahreppi eru í manntalinu (*Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 261) en sagðir vanta hjá Skúla (Viðbætur, bls. 456). Hindisvík á Vatnsnesi er sögð vanta í manntal (Viðbætur, bls. 452) en er í manntalinu undir nafninu Vík (*Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 254) og Öxará í Ljósavatnshreppi er sögð vanta í manntalið (Viðbætur, bls. 536) en er í raun skráð þar (*Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 356).

ÍSLENSK SKÍRNARNÖFN ÁRIÐ 1703


Manntalið 1703 er elsta skrá yfir skírnarnöfn á Íslandi. Auk þess að birta öll nöfn sýnir manntalið þá nafngiftahefð að tryggja viðgang sama nafns innan ættar. Sú hefð að skíra börn í höfuðið á foreldrum sínum eða ömmum og öfum var mjög sterk.

Skírnarnöfn voru alls 725: 387 karlmannsnöfn og 338 kvenmannsnöfn. Algengustu skírnarnöfnin voru Jón og Guðrún. Fimmta hver kona hét Guðrún og tæpur fjórðungur karla hét Jón.



Súlurit: Ólafur Lárusson, „Nöfn Íslendinga árið 1703“, Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta. Annar flokkur, II, 2 (Reykjavík 1960), bls. 3, 18 og 34.

FÓLKSFJÖLDINN Á ÍSLANDI 1703



Árið 1703 voru á Íslandi 50.366 manns, 22.874 karlar og konur 27.492. Þetta er að meðtöldu því fólki sem nefnt er á miða sem ekki var tekinn með í útgáfu manntalsins (sjá bls. 36 og 38). Þann mikla mun, sem var á fjölda eftir kyni, má einkum skýra með því að karlar unnu hættulegri störf en konur Þeir sáu að mestu um störf utan heimilis, á sjó og landi, með þeim hættum sem þeim fylgdu.

Heimilið var grunneining íslensks samfélags, var bæði heimili og vinnustaður og geymdi alla landsmenn, húsráðendur með börn sín, ættingja þeirra og vinnufólk, lausafólk, ómaga og flakkara.

Heimili á Íslandi árið 1703 teljast hafa verið 8.191 en þar af voru eins manns heimili 567 og tvö mjög stór heimili, biskupsstólarnir Skálholt og Hólar, með hátt í hundrað manns hvort. Meðalstærð heimila var 6,1 maður. (Manntalið 1703. Hagskýrslur Íslands II, 21, bls. 18–19).

Kökurit: Manntalið 1703. Hagskýrslur Íslands II, 21 (Reykjavík 1960), bls. 19.

Í sjö tilvikum er hins vegar ljóst að býli voru í byggð á talningarárinu en ekki skráð í manntalið. Þetta eru býlin Brekka í Rosmhvalaneshreppi í Gullbringusýslu, Þverá, Fótur og Brekkuvöllur í Barðastrandarhreppi í samnefndri sýslu, Brekkukot í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, Bjarghús í Þverárhreppi í Húnavatnssýslu og Viðey á Kollafirði. Fjögur fyrstu býlin eru í byggð samkvæmt jarðabókinni árið 1703 og fjöldi heimilismanna tilgreindur þar, alls 21,5.⁶⁹ Búið var í Brekkukoti samkvæmt kvikfjártali 1703 og telst það því í byggð og vantalið í manntalinu. Sama á við um Bjarghús en þar er skepnuhald samkvæmt kvikfjártali 1703. Sýnt hefur verið fram á að Viðey var í byggð árið 1703 og Skúli Magnússon skráir þar í Viðbæti sínum 16 „hospítalslimi“ og reiknar þá í samtölu sína.⁷⁰ Samkvæmt þessu vantar a.m.k. sjö heimili og um fjóra tugi manna í manntalið.

Líklegt er að frekari samanburður á nafngreindum einstaklingum í manntalinu, jarðabók Árna og Páls og í kvikfjartalínu 1703 muni sýna að fleiri einstaklinga vanti í manntalið. Þá skal minnt á að það var tekið á rúmlega hálfu ári og að á þeim tíma hafa orðið breytingar á mannföldanum, fólk flutti, dó og börn fæddust. Dæmi eru um að börnum sem fæddust eftir talningu hafi verið bætt í talningarskýrsluna áður en henni var skilað.⁷¹

Eins og áður greinir var reynt að koma í veg fyrir tví- og fleirtalningar með því að telja ómaga og flakkara á ákveðnum tíma, ómaga á langaföstunni og flakkara nóttina fyrir páska. Þrátt fyrir þetta voru um 500 einstaklingar skráðir oftast en einu sinni og hefur sú oftalning verið leiðrétt í útgefinni tölfraði Hagstofu Íslands. Langflestar þessara tví- og fleirtalninga varða einstaklinga í þessum hópum. Um þriðjungur þessa fólks voru sveitarómagar í Kleifahreppi í Skaftafellssýslu og í Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu sem voru bæði skráðir á heimilum þar sem þeir dvöldust og voru í sérstökum listum yfir ómaga aftan við skrá yfir heimilin í hreppnum. Auk þess voru margir ómagar, sem áttu framfærslurétt í fleiri en einum hreppi, ekki einungis skráðir þar sem þeir voru á langaföstunni heldur einnig þar sem þeir áttu að vera á öðrum tíma ársins. Auk þess voru 70 þeirra flakkara sem skráðir voru sérstaklega nóttina fyrir páska einnig skráðir annars staðar. Þá voru nokkrir skólapiptar í Skálholti einnig skráðir heima hjá foreldrum sínum.⁷²

Annars er greinilegt að leitast var við að skrá alla og má í því sambandi nefna að eini stúdentinn, sem virðist hafa verið í námi í Kaupmannahöfn á talningartímanum er skráður á heimili sínu á Íslandi en sagður utanlands.⁷³ Þegar allt kemur til alls verður *manntalið 1703* að teljast nákvæm og traust heimild um íslenskt samfélag þetta herrans ár 1703.⁷⁴

69. Sjá *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III* (Kaupmannahöfn 1923–1924), bls. 91–92; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI* (Kaupmannahöfn 1938), bls. 269, 284, 285. Hálfri heimilismaðurinn á Þverá í Barðastrandarhreppi hefur líklega átt hálfársvist þar sem niðursetningur. Sjá *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI* (Kaupmannahöfn 1938), bls. 269.


70. ÞÍ. Rentukammer. D1/21, 4. Kvikfánaðarskýrslur 1703, Skagafjarðarsýsla, Tungusveitarhreppur 7. júní 1703; ÞÍ. Rentukammer. D1/21, 3. Kvikfánaðarskýrslur 1703, Húnavatnssýsla, Þverárhreppur 30. maí 1703. Í jarðabók Árna og Páls eru Bjarghús skráð árið 1705 og eru þá í byggð. Sjá *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII* (Kaupmannahöfn 1926), bls. 205–206. Um Viðey sjá Viðbæti, bls. 232 og grein Helga Skúla Kjartanssonar „Var Viðey í eyði 1703?“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 77–84.

71. Þannig var fjórum börnum bætt aftan við talninguna í Vatnsheshreppi eftir að hún var gerð 27. mars 1703. *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 254.

72. Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, bls. XII–XIV.

73. Um er að ræða Björn Jónsson studiosus, son Jóns sýslumanns Þorlákssonar og Sesslju Hallgrímsdóttur. Sjá Bjarni Jónsson, *Íslenskir Hafnarstúdentar* (Akureyri 1949), bls. 59; *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 420.

74. Sjá einnig Eiríkur G. Guðmundsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Inngangur“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 21–22.



SAMFÉLAGSGAGNRÝNI


24. júní 1703 var gengið frá skrá yfir ómaga og flakkara í Engihlíðarhreppi í Húnavatnssýslu. Sigmundur Helgason hreppstjóri skrifar fyrstur undir skýrsluna og hefur líklega skrifað hana og haft forystu um talninguna. Kollegar hans, Guðmundur Sveinsson og Guðmundur Þorsteinsson, rituðu undir með honum. Sigmundur skrifar svo vísu, eins og neðanmáls við skýrsluna, hugsanlega án vitundar hinna. Þetta er eina dæmið um kveðskap í manntalinu.

Með nútímastafsetningu lítur textinn svona út:

„Erfiðislaun ei aukast mér,
oft þó veikur kræla.
Voldugir réttum renna að sér,
en reykin aumur svæla.“

(kræla = afla fanga, auðga sig með öllum tiltækum ráðum)

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/15, 4. Manntalið 1703. Húnavatnssýsla. Skrá yfir ómaga og utansveitarfólk í Engihlíðarhreppi.




MANNTALIÐ FLUTT MILLI LANDA

Peter Raben stiftamtmaður flutti skjöl og handrit Árna Magnússonar til Kaupmannahafnar árið 1720 á freigátunni Söeridderen. Þar á meðal var manntalið 1703. Þessi teikning er úr Atlas Friðriks V. Danakonungs frá 1759 og sýnir freigátu með sama nafni sem hleypt var af stökkunum árið 1758.



Mynd: Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn. Frederik den Femtes Atlas, Bd. 53, Tvl. 29.



Manntalið 1703 var flutt til Íslands aftur 301 ári síðar með gufuskipinu Gullfossi árið 1921 og var þá í vörslu Péturs Gíslasonar annars stýrimanns. Gullfoss var fyrsta skip Eimskipafélags Íslands, smíðaður í Kaupmannahöfn árið 1915. Martinus Simson ljósmyndari á Ísafirði tók myndina af Gullfossi þegar skipið var þar í höfn, líklega um 1930.

Mynd: Ljósmyndasafnið Ísafirði/M. Simson. Úr fórum Thyru Juul (TJ 192).

Specification, som alle Englands Christne hjemme og uden, og alle i Kongens Commissioner sind sig over, antagende den offentlige			aldre aar
Naa:			
1.	Lauritz Christen Gottrup, som er en dansk	54	
2.	Catharina Christian, som er en dansk	37	
3.	Johan Christen Lauritz, som er en dansk	12	
4.	Mette Maria Lauritz, som er en dansk	13	
5.	Margareta Lauritz, som er en dansk	11	
6.	Emme Sophia Lauritz, som er en dansk	5	
7.	En dansk Christen, som er en dansk	27	
8.	En dansk Christen, som er en dansk	27	
9.	En dansk Christen, som er en dansk	23	
10.	En dansk Christen, som er en dansk	31	
11.	En dansk Christen, som er en dansk	44	
12.	En dansk Christen, som er en dansk	37	
13.	En dansk Christen, som er en dansk	29	
14.	En dansk Christen, som er en dansk	63	
15.	En dansk Christen, som er en dansk	52	
16.	En dansk Christen, som er en dansk	33	
17.	En dansk Christen, som er en dansk	30	
18.	En dansk Christen, som er en dansk	54	
19.	En dansk Christen, som er en dansk	42	
20.	En dansk Christen, som er en dansk	26	
21.	En dansk Christen, som er en dansk	26	
22.	En dansk Christen, som er en dansk	26	
23.	En dansk Christen, som er en dansk	32	
24.	En dansk Christen, som er en dansk	20	
25.	En dansk Christen, som er en dansk	19	
26.	En dansk Christen, som er en dansk	27	
27.	En dansk Christen, som er en dansk	24	
28.	En dansk Christen, som er en dansk	62	
29.	En dansk Christen, som er en dansk	64	
30.	En dansk Christen, som er en dansk	33	
31.	En dansk Christen, som er en dansk	33	
32.	En dansk Christen, som er en dansk	33	
33.	En dansk Christen, som er en dansk	36	
34.	En dansk Christen, som er en dansk	32	
35.	En dansk Christen, som er en dansk	30	
36.	En dansk Christen, som er en dansk	29	
37.	En dansk Christen, som er en dansk	21	
38.	En dansk Christen, som er en dansk	18	
39.	En dansk Christen, som er en dansk	15	

ÞINGEYRARKLAUSTUR Í HÚNAVATNSSÝSLU

Skýrslu um heimilisfólk á Þingeyrarklaustri gerði húsbóndinn Lauritz Christensen Gottrup annar tveggja lögmanna á Íslandi. Hann var jafnframt sýslumaður í Húnavatnssýslu og bar ábyrgð á skráningunni. Lauritz var danskur og ritar skýrsluna á því máli.

Jörðin Þingeyrarklaustur, eða Þingeyrar, var mjög stór og góð bújörð og þar var eitt fjölmennasta heimili landsins með alls 39 manns. Auk fjölskyldu Lauritz Gottrups voru þar prestur og djákni, tólf vinnumenn, níu vinnukonur, tveir hestadrengir, þjónustustúlka frá Kaupmannahöfn, barnfóstra og ráðskona. Að endingu er skráð þar fátæk stúlka tekin inn upp á guðs miskunn.

Lauritz Gottrup er tengdur manntalinu með sérstökum hætti. Árið 1701 fór hann til Danmerkur til þess að tala máli Íslendinga við konung vegna undanfarinna harðinda. Mikilvægustu afleiðingar sendiferðar Gottrups voru þær að dönsk stjórnvöld ákváðu að afla nákvæmra upplýsinga um aðstæður á Íslandi. Það leiddi til töku manntalsins 1703.

Mynd: Þí. Rentukammer. 1928, D1/15, 2. Manntalið 1703. Húnavatnssýsla. Þingeyrarklaustur.

Stadar- Nafn.	N ^o	Personunnar Nafn með kennar Þóru Nafni	Aldur æra.	Guors Profess færður þu	Stadar- Nafn.	N ^o	Personunnar Nafn með kennar Þóru Nafni	Aldur æra.	Guors Profess færður þu
	1	Mag ^r Biörn Thorleifsson	40	Superintendentur Hóla Biskupsdóttir		1	Mad ^{me} Frúdur Gottfrids dóttir	37	H ^ö Biskupsdóttir
Hloo. L.R.	2	Jon Arnason	37	Rector Hóla Skóla	Hloo. L.R.	2	alle Sigmundur Söndur dóttir	10	förfrað þu H ^ö B ^ö Biskupsdóttir
	3	Jon Gunnarsson	36	Dómkyrkunnar förfrað þu Hóla		3	alle Jonna Skóla dóttir	10	
	4	Jon Jónsson	49	Dómkyrkunnar Lög- fróður		4	Frúdur Gísladóttir	77	Lögfróður þu Lögfróður
	5	Jon Einarsson	29	Pro-Rector, Lögfróður þu Hóla		5	Henrietta Gísladóttir	62	
	6	Jon Guðlaugsson	37	Dómkyrkunnar Biskupsdóttir		6	Guðrún Einar dóttir	56	Radd Margrétu þu
Hjaltta. Dal.	7	Einar Sigurðsson	33	Stjórnun H ^ö Biskupsdóttir	Hjaltta. Dal.	7	Ingeborg Henrietta dóttir	38	Lögfróður þu Lögfróður
	8	Einar Amundsson	26	H ^ö Biskupsdóttir		8	Guðrún Einar dóttir	20	
	9	Magnús Einarsson	15	H ^ö Biskupsdóttir		9	Ingeborg Einar dóttir	18	Lögfróður þu Lögfróður
	10	Jon Thorsteinsdóttir	30	Lögfróður þu Hóla		10	Guðrún Einar dóttir	19	
	11	Olafur Thorvaldsson	14	Lögfróður þu Hóla		11	Sigrún Einar dóttir	15	Lögfróður þu Lögfróður
	12	Guðrún Þorvaldsson	79	Ennigun Lögfróður Hóla, Lögfróður þu Hóla		12	Margrét Einar dóttir	16	
	13	Olafur Jónsson	19	Lögfróður þu Hóla		13	Ingeborg Einar dóttir	27	Lögfróður þu Hóla
	14	Jon Olafsson	20	Lögfróður þu Hóla		14	Guðrún Olaf dóttir	20	

HÓLAR Í HJALTADAL

Biskupssetrið Hólar í Hjaltadal er í Skagafirði. Þar sátu árið 1703 biskupshjónin Björn Þorleifsson og frú Þrúður Þorsteinsdóttir. Hólar var annað af tveimur stærstu heimilum landsins enda bæði biskupssetur og skóli. Athygli vekur sérhæfing starfsfólksins. Hér eru nautamaður og lestamaður og einn maður „liggur til silungsveida á sumar“ en meðal kvennanna eru þjónustupikur, vefjarkonur, bakarakona, kokkur og þrjár kærustur, svo eitthvað sé

nefnt. Þá er það óvenjulegt að kynin eru aðgreind í upptalningunni. Á opnunni sjást þeir fjórtán einstaklingar hvors kyns sem fyrstir voru skráðir. Alls voru íbúar Hólastaðar 92, 48 karlar og 44 konur.

Mynd: Þí. Rentukammer. 1928, D1/16, 9. Manntalið 1703. Skagafjarðarsýsla. Hólahreppur.

MANNTALIÐ GEFID ÚT Á PRENTI OG NÝJAR TÖLUR

Árið 1923 ritaði Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri fjárveitinganefnd Alþingis og bað um styrk til þess að hefja útgáfu á manntalinu.⁷⁵ Hagstofan gaf það síðan út á prenti, í 17 heftum, á árunum 1924–1947.⁷⁶ Áðurgreind tala Skúla Magnússonar, 50.444, var hin opinbera fólksfjöldatala á Íslandi árið 1703 þar til Hagstofan lauk útgáfu manntalsins 1947 og sagði Íslendinga hafa verið 50.358.⁷⁷

Eftir að útgáfu manntalsins 1703 lauk árið 1947 voru komnar nýjar forsendur til þess að semja tölfraði úr því. Árið 1960 sendi Hagstofan frá sér ítarlegar tölfraðiupplýsingar byggðar á hinni prentuðu útgáfu.⁷⁸ Þar er talan 50.358 staðfest sem opinber fjöldi Íslendinga árið 1703. Þar af voru karlar 22.867 og konur 27.491. Í útreikningum Hagstofunnar var tekið tillit til tví- og fleirtalninga eins og kostur var og þær skráningar dregnar frá heildartölu allra einstaklinga í manntalinu.

Árið 1964, löngu eftir útgáfu manntalsins og nokkrum árum eftir birtingu tölfraðinnar, fannst í Þjóðskjalasafni miði með níu nafngreindum einstaklingum úr Trékyllisvík í Strandasýslu árið 1703 og tveimur ónafngreindum börnum, alls ellefu manns. Miðinn lá með skjölum kvikfjártals sem tekið var af hreppstjórum á sama tíma og manntalið eins og áður segir.⁷⁹ Enginn vafi er á því að miðinn tilheyrir manntalinu, efni hans staðfestir það. Af þessum ellefu einstaklingum (þrjár konur og átta karlar) er ein kona og tvö börn hennar einnig skráð á öðrum stað í manntalinu og eru þannig tvítalin. Miðinn leiðir því fram átta einstaklinga (eina konu og sjö karla) sem ekki eru í tölfraði Hagstofunnar frá árinu 1960. Samkvæmt því ætti, þar til annað kemur í ljós, opinber fjöldi Íslendinga árið 1703 að teljast 50.366.⁸⁰ Og er þó ljóst, eins og áður er getið, að ekki tókst að skrásetja alveg alla Íslendinga.

75. ÞÍ. Hagstofa Íslands. 1996–78, BB/2, örk 1. Bréf hagstofustjóra til fjárveitinganefndar neðri deildar Alþingis, dags. 15. mars 1923 (bréfnúmer 104).

76. Sjá Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, bls. VII, XII, XIV, XV–XVI.

77. Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, bls. XIV.

78. Hagskýrslur Íslands II, 21.

79. Bjarni Vilhjálmsson þáverandi þjóðskjalavörður skrifaði miðann upp og staðfesti með undirskrift sinni 3. janúar 1964 að miðinn hefði fundist í kvikfjártalinu og væri nú kominn á réttan stað með skjölum manntalsins. Miði Bjarna var svo bundinn inn í eintak þjóðskjalavarðar af prentaðri útgáfu manntalsins (*Manntal á Íslandi árið 1703*), aftan við manntalsskrá Trékyllisvíkurhrepps, bls. 236. Skúli

Magnússon hafði miðann undir höndum þegar hann vann talningu sína. Hann byggði talningar í Strandasýslu á skýrslu sýslumanns og tveimur miðum frá hreppstjórum um utansveitarfólk. Einn miði var fyrir í manntalsgögnum sýslunnar í Þjóðskjalasafni þegar þessi fannst. Sjá ÞÍ. Rentukammer. 1928, E/45. Viðbætur, bls. 432.

80. Frá þessu er líklega fyrst greint í blaðagrein sem birtist 15. nóvember 2003, sbr. Eiríkur G. Guðmundsson, „Þrjú hundruð ára manntal“, *Lesbók Morgunblaðsins* 15. nóvember 2003, bls. 6, og aftur síðar sama dag á málþingi um Manntalið 1703 sem haldið var í Hagstofu Íslands í tilefni af 300 ára afmæli manntalsins. Sjá Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 70–72.



DREIFING FÓLKSFJÖLDANS 1703

Ísland er 103 þúsund ferkílómetrar að flatarmáli. Til samanburðar er Danmörk 43 þúsund ferkílómetrar. Miðhálandi Íslands er óbyggilegt og tíundi hluti landsins þakinn jöklum.

Árið 1703 voru lögsagnarumdæmin, sýslurnar, alls 23. Vestmannaeyjar voru þá sérstök sýsla. Fjöldi íbúa í þeim var mjög mismunandi og fór eftir aðstæðum til landbúnaðar og fiskveiða. Á Norðurlandi og á Suðurlandi voru stærst og best svæði


til landbúnaðar og þar var mestur fólksfjöldi. Á kortinu er sýslum skipt í sex flokka eftir því hve fjölmennar þær voru árið 1703.

Árið 1801 var fólksfjöldinn á Íslandi alls 47.240. Hundrað árum síðar var hann orðinn 78.470. Fyrsta janúar 2015 voru íbúar landsins meira en sex sinnum fleiri en þeir voru 1703 eða 329.100.

Kort: Þí. Rentukammer. 1928, D1/1 – D1/18. Manntalið 1703.

TÝNDI MIÐINN

Hagstofa Íslands gaf manntalið 1703 út á prenti á árunum 1924 til 1947 og tölfræði byggða á útgáfunni árið 1960. Samkvæmt þessum útgáfum var fjöldi Íslendinga 50.358. Síðla árs 1963 eða í byrjun árs 1964 fannst í Þjóðskjalasafni Íslands miði með níu nafngreindum einstaklingum og tveimur ónafngreindum börnum úr Trékyllisvík í Strandasýslu árið 1703. Þrír af þeim höfðu þegar verið skráðir annars staðar en hina átta vantar í prentuðu útgáfuna og í tölfræði Hagstofunnar. Opinber fjöldi Íslendinga árið 1703 ætti því að hækka sem þessu nemur og vera 50.366.



Miðinn fannst með gögnum kvikfjártals sem tekið var samtímis manntalinu. Svo virðist sem hann hafi verið afhentur Árna Magnússyni eða Páli Vídalín einhvern tíma eftir að alþingi lauk 1703.

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/14, 2. Manntalið 1703. Strandasýsla. Skrá yfir ómaga og flakkara í Trékyllisvík.

BÓNDINN Á EFRA-REYNI



Jón Hreggviðsson er ein af aðalsögupersónunum í skáldsögu Halldórs Laxness Íslandsklukkunni, sem út kom á árunum 1943–1946. Jón var bóndi á Efra-Reyni í Akraneshreppi þegar manntalið fór fram. Hér má sjá skráningu Jóns og fjölskyldu hans. Jón var 53 ára og Margrét Eyjólfsdóttir kona hans 55 ára. Á heimilinu voru einnig börn þeirra Sigríður 33 ára og Bjarni 20 ára, auk vinnumannanna Jóns Jónssonar og Jóakims Guðmundssonar.

Jón Hreggviðsson átti í útistöðum við yfirvöld og var m.a. dæmdur til lífláts árið 1684 fyrir morð. Jón flýði úr fangavist á Bessastöðum og var eftirlýstur: „Í lægra lagi en að meðalvexti, réttvaxinn, þrekvaxinn, fótágildur, með litla hönd, koldökkur á hárslit, lítið hæður, skeggstæði mikið, enn nú afklippt, þá síðast sást, móeygur, gráfolur í andliti, snarlegur og harðlegur í fasi.“ (Alþingisbækur Íslands VIII, Reykjavík 1949–1955, bls. 35).

Jón komst úr landi til Hollands og þaðan til Danmerkur og fékk árið 1685 griðabréf konungs til þess að fara aftur heim til Íslands og leyfi til þess að áfrýja máli sínu. (Alþingisbækur Íslands VIII, Reykjavík 1949–1955, bls. 141–142). Jón var að lokum sýknaður í hæstarétti í Kaupmannahöfn í júlí árið 1715 (Árni Magnússons Levned og Skrifter I, København 1930, bls. 80).

Mynd: Þí. Rentukammer. 1928, D1/7, 3. Manntalið 1703. Borgarfjarðarsýsla. Akraneshreppur.

FRAMLAG TIL HEIMSMENNINGAR OG NÝJAR SKYLDUR

Skráning manntalsins 1703 á lista UNESCO *Minni heimsins* er mikil tíðindi og kærkomin viðurkenning á sérstöðu og mikilvægi þessarar einstöku heimildar. Sérstaða þess felst í því að það er elsta manntal í heiminum sem varðveist hefur og nær til allra íbúa í heilu landi þar sem getið er nafns, aldurs, heimilisfangs flestra og þjóðfélags- eða atvinnustöðu allra þegnanna. Enginn önnur þjóð á jafnánákvæmar lýðfræðiupplýsingar frá þessum tíma. Nú hefur verið staðfest að *manntalið 1703* hefur ekki einungis mikla þýðingu fyrir okkur Íslendinga heldur er það mikilvægt framlag til heimsmenningarinnar. Þegar manntalið var tekið á skrána *Minni heimsins* segir m.a. í greinargerð UNESCO: „The inclusion of this documentary heritage on the Memory of the World Register reflects its exceptional value and signifies that it should be protected for the benefit of all humanity.“⁸¹

Rétt er að geta þess hér að fyrsta heildarmanntal í danska konungsríkinu fór fram árið 1769 (tók einnig til Íslands) en í því var eingöngu gefinn upp fjöldi en einstaklingar ekki nafngreindir. Fyrsta almenna manntalið, sem skráði heimili og einstaklinga, var tekið í Danmörku 1787.⁸² Víða í Evrópu hófst taka manntala í upphafi 19. aldar.

Skyldur fylgja því að hafa ritheimild á lista Sameinuðu þjóðanna yfir menningarverðmæti heimsins. Markmið áætlunarinnar um *Minni heims* er í meginatriðum þrjú: Í fyrsta lagi að varðveita umrædda heimild með öruggum hætti. Í öðru lagi að stuðla að góðu aðgengi allra að hinum skráða menningararfi. Og í þriðja lagi að auka vitund um tilvist og mikilvægi hins skráða menningararfs. Við þessu hefur verið brugðist. Manntalsskjölin eru nú komin í betri umbúðir en áður, geymd í öryggisgeymslu safnsins og aðgangur að þeim er takmarkaður og skilyrtur. Aðgengi allra hefur verið tryggt með því að birta stafræn afrit af manntalsskýrslunum á vefnum.⁸³ Þá hefur verið vakin athygli á manntalinu með því að sýna skjölin og fjalla um þau opinberlega. Vonandi vekur þetta rit athygli og áhuga á þessum sameiginlega menningararfi okkar allra.



81. ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Málafn, málsnúmer 1301045. Bréf Jánis Kárklins, Assistant Director General for Communication and information UNESCO, til Þjóðskjalasafns, dags. 2. september 2013.

82. Johansen, Hans Christian, „Folketællinger“, *Dansk kulturhistorisk Opslagsværk* I, 1991, bls. 244–246.

83. Myndir af manntalinu 1703 eru aðgengilegar á vef Þjóðskjalasafns á slóðinni <<http://skjalasafn.is/skjalaskra>> (leita að manntalinu 1703). Þá er stafræn afrit einnig að finna á Archives Portal Europe. <<http://www.archivesportaleurope.net>>, 30. september 2014.

Mynd: Manntalsskýrslurnar eru af ýmsum stærðum og gerðum.

VIÐAUKI 1.

Talningar á fólksfjölda úr manntalinu 1703.

	I. Talning Árna Magnússonar 1703–1709. Skjalasafn landfógeta.			II. Talning Skúla Magnússonar 1778. Prentuð 1780.	III. Talning Hagstofu Íslands. Heildarfjöldi landsmanna birtur 1947. Fólksfjöldi eftir sýslum gefinn út 1960.			IV. Miði úr manntalinu 1703 fannst í Þjóðskjalasafni 1964		
Sýslur	Karlar	Konur	Alls	Fólk alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Múlasýsla	1813	2244	4057	4101	1848	2241	4089			
Skaftafellssýsla	1334	1457	2791	2947	1308	1668	2976			
Vestmannaeyjar				339	153	172	325			
Rangárvallasýsla	1952	2260	4212	4256	1896	2355	4251			
Árnessýsla	1891	3365	5256	5179	2343	2873	5216			
Gullbringusýsla	1190	1435	2625	2624	1290	1317	2607			
Kjósarsýsla	563	734	1297	1304	580	706	1286			
Borgarfjarðarsýsla	1680	2126	3806	2079	927	1143	2070			
Mýrasýsla				1786	775	1008	1783			
Hnappadalssýsla	288	379	667	636	283	357	640			
Snæfellsnessýsla	1838	2037	3875	3905	1900	2003	3903			
Dalasýsla	871	1061	1932	1946	873	1070	1943			
Barðastrandarsýsla	1331	1481	2812	2679	1238	1449	2687			
Ísafjarðarsýsla	1738	1878	3616	3783	1834	1944	3778			
Strandasýsla	485	580	1065	1039	474	553	1027	7	1	8
Húnavatnssýsla	1490	1948	3438	2707	1193	1464	2657			
Skagafjarðarsýsla	1304	1867	3171	3144	1320	1797	3117			
Eyjafjarðarsýsla	1300	1799	3099	3061	1319	1742	3061			
Pingeyjarsýsla	1333	1630	2963	2929	1313	1629	2942			
Alls	22.401	28.281	50.682	50.444	22.867	27.491	50.358	22.874	27.492	50.366

I. Talning Árna Magnússonar frá 1703–1709. Tölurnar hér eru birtar eftir töflu með hendi Skúla Magnússonar landfógeta sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni. Undir töflunni eru þrjár athugasemdir: a) „Fleere Qvindfolk en Mandfolk 28.281 – 22.401 = 5879-“, b) „Her manqverer Westmannöe og rimelig Myre Syssel-“ (þ.e. hér vantar Vestmannaeyjar og líklega Mýrasýslu). c) Auk þess er svofelldur útreikningur: $22.401 + 28.281 = 50.682 - 46.201 = 4481$, sett upp í lóðréttan dálk eins og útreikningur í athugasemd 1 (sjá viðauka 2). Virðist vera útreikningur á muninum á

fólksfjöldanum árið 1703 og 1769. (ÞÍ. Skjalasafn landfógeta, XXVIII, 1). Fólksfjöldi í Mýrasýslu er augljóslega talinn með Borgarfjarðarsýslu. Íbúar í Vestmannaeyjum virðast ekki taldir með fólki í nærliggjandi sýslum. Skýringin á því að tölur úr Vestmannaeyjum vantar er líklega sú að skýrslan þáðan var ekki með öðrum talningarskýrslum. Þegar Skúli Magnússon telur úr skýrslunum árið 1778 vísar hann í að talningarskýrsla fyrir Vestmannaeyjar sé í Árnasafni (Viðbætir, bls. 552). Það sama er uppi á teningnum þegar undirbúningur að útgáfu manntalsins hófst. Talningarskýrsla Vestmannaeyja var í

Árnasafni (sjá Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, *Manntal á Íslandi árið 1703* (Reykjavík 1924–1947), bls. IX). Frumritið er merkt með blýanti AM 464, fol. 4. Þessi viðskilnaður gæti hafa komið til í upphafi. Sá mikli munur, sem er á fólksfjölda í Húnavatnssýslu samkvæmt þessari talningu, miðað við þær síðari, skýrist mjög líklega af því að fjórir hreppar eru til í tvíriti og a.m.k. hluti þeirra hafi verið talinn tvisvar. Auk sýsluskýrslu fyrir alla Húnavatnssýslu eru varðveittar hreppsskýrslur úr fjórum hreppum sýslunnar: Staðarhreppi (114 íbúar), Torfustaðahreppi (376 íbúar), Vatnsneshreppi (210 íbúar) og Þverárhreppi (228 íbúar). (Sjá Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára*, bls. 64). Þessi tvítalning gæti bent til þess að einhver annar en Árni Magnússon sjálfur hafi talið úr skýrslunum, t.d. nemandi eða nemendur í Skálholti.

Hannes Finnsson hafði sömu töflu og Skúli undir höndum og birti í *Um mannfækkun af hallærum á Íslandi* árið 1796 („Um mannfækkun af hallærum á Íslandi“, (Kaupmannahöfn 1796), bls. 183). Hún er að öllu leyti eins nema að hjá Hannesi er einni konu færri í Hnappadalssýslu en í töflu Skúla eða 378 í stað 379 hjá Skúla. Samtalan fyrir sýsluna er því einum hærri hjá Skúla og heildarfjöldi landsmanna 50.682 en 50.681 í töflu Hannesar. Prentvilla eða misritun var í fjölda karla í Strandasýslu hjá Hannesi árið 1796, 585, en er leiðrétt af útgefendum í endurútgáfu á *Mannfækkun af hallærum* árið 1970 í 485, eftir handriti Hannesar sjálfs (sjá *Mannfækkun af hallærum* (Reykjavík 1970), bls. 165). Í töflunni hér eru tölur úr Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum sameinaðar.

II. Talning Skúla Magnússonar 1778. Þetta var önnur talningin sem unnin var eftir frumskýrslum manntalsins og sú fyrsta sem birtist á prenti. (*ÞÍ*. Rentukammer. 1928, E/45. Viðbætur

við Jarðabók Skúla Magnússonar saminn af Skúla Magnússyni 1778, bls. 557–558; Olaus Olavius, *Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige, og nordostlige Kanter af Island II* (Kiøbenhavn 1780), bls. 657).

III. Talning Hagstofu Íslands 1947/1960. Á grundvelli hinnar prentuðu útgáfu Hagstofunnar á manntalinu 1703 (1924–1947) var unnin ítarleg tölfraði sem birtist í Hagskýrslum Íslands II, 21. Manntalið 1703 (Reykjavík 1960). Samtölur karla og kvenna eftir sýslum eru hér samkvæmt henni. Heildarfólksfjöldinn var birtur í formála Þorsteins Þorsteinssonar að manntalinu 1947 (Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, *Manntal á Íslandi árið 1703* (Reykjavík 1924–1947), bls. XIV).

IV. Nýjar upplýsingar 1964. Árið 1964 fannst í Þjóðskjalasafni miði með níu nafngreindum einstaklingum úr Strandasýslu árið 1703 og tveimur ónafngreindum börnum. Miðinn var í kvikfjártali sem tekið var árið 1703. Þetta fólk vantar í prentaða útgáfu manntalsins. Af þessum ellefu einstaklingum (þrjár konur og átta karlar) er ein kona og tvö börn hennar skráð á öðrum stað í manntalinu og því tvítalin. Átta einstaklinga (eina konu og sjö karla) vantar því í tölfraði Hagstofunnar frá árinu 1960. Heildarfjöldi Íslendinga árið 1703 ætti því að teljast, þar til annað kemur í ljós, 50.366. (Sjá Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára* (Reykjavík 2005), bls. 70–72.)

Tafla: ÞÍ. Skjalasafn landfógeta, XXVIII, 1, bls. 301; Olaus Olavius, *Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige, og nordostlige Kanter af Island II* (Kiøbenhavn 1780), bls. 657; Manntalið 1703. Hagskýrslur Íslands II, 21 (Reykjavík 1960), bls. 34–41; *ÞÍ*. Rentukammer. 1928, D1/14, 2. Manntalið 1703. Strandasýsla. Skrá yfir ómaga og flakkara í Trékyllisvík.



VIÐAUKI 2.

Talning Árna Magnússonar 1703–1709.

Þessi tafla í skjalasafni landfógeta í Þjóðskjalasafni er með hendi Skúla Magnússonar landfógeta. Yfirskrift hennar er „Eftter det i Aaret 1703 udj Island tagne Mandtal findes Folket at have været i ethvert Syssel som følger.“ Víst má telja að hún geymi fyrstu tölfræðina unna úr manntalinu og að Árni Magnússon, eða einhver á hans vegum, hafi tekið tölurnar saman á árabílinu 1703–1709. Samkvæmt henni voru Íslendingar 50.682, 22.401 karl og 28.281 kona. Taflan er án vafa sú sama og Hannes biskup Finnsson hafði undir höndum og birti í ritgerðinni *Um mannfækkun af hallærum á Íslandi* árið 1796 (sjá skýringar í viðauka 1, I).

	Mand Kona	Qvinn Kona	Samt Samt
Eftter det i Aaret 1703 uden Mandtalen fødtet at have været i ethvert Syssel som følger			
1. Mulefjæl	1813	2242	4055
2. Skjoldfjæl	1344	1457	2801
3. Hanganalle Syssel	1952	2260	4212
4. Hagen	1891	2205	4096
5. Guldunge	1190	1435	2625
6. Skjold	562	722	1284
7. Hagenfjæl	1620	2120	3740
8. Dagefjæl	228	279	507
9. Hagenfjæl	1338	2037	3375
10. Dalefjæl	371	1061	1432
11. Hagenfjæl	1331	1481	2812
12. Hagenfjæl	1733	1378	3111
13. Hagen	435	580	1015
14. Hagenfjæl	1490	1948	3438
15. Hagenfjæl	1300	1799	3099
16. Hagenfjæl	1302	1207	2509
17. Hagenfjæl	1333	1050	2383
Sum 22401			28281
Sum 22401			50682
Sum 22401			5879
Hr. Margrethe Hestmann og vinnu Mulefjæl			
	22401	28281	50682
	22401	28281	50682
	22401	28281	50682

Mynd: ÞÍ. Skjalasafn landfógeta, XXVIII, 1, bls. 301.



VIDAUKI 3.

Sýnishorn áritana Árna Magnússonar og Skúla Magnússonar á manntalsskýrslur eða á blöð utan um skýrslurnar.

Utanáskrift Árna Magnússonar á talningarskýrslu Bessa Guðmundssonar sýslumanns í Mið-Múlasýslu: „Folks Registor ur Sysluparte Beessa Gudmundssonar“. Bessi skrifaði undir skýrsluna á Skriðuklaustri 18. júní 1703. Þessar merkingar Árna sýna að hann gaumgæfði skýrslurnar. Ef til vill hefur hann verið að sannreyna hvort talningar úr öllum hreppum hafi skilað sér á alþingi árið 1703. En hann gæti einnig hafa merkt skýrslurnar í tengslum við talningu úr þeim. Árni skrifaði utan á fjórar aðrar skýrslur: Fólksregistur úr vestara parti Skaptafellssýslu, Manntal úr Árnessýslu, Manntal úr Grímsnesi og Manntal af Kjalarnesi.

Skúli Magnússon landfógeti skildi eftir sig sams konar ummerki og Árni þegar hann vann tölfræði upp úr skýrslunum á áttunda áratug 18. aldar. Með hans hendi eru sjö merkingar. Þar á meðal skrifaði hann utan á örk sem hefur verið utan um skýrslur úr Múlasýslum sem hér er sýnd (sjá neðanmálgrein 55). Textinn er: „Mulesyssels folke Antal og Qvægs Register Aar 1703.“ Það staðfestir að kvikfjárskýrslurnar lágu með manntalsskýrslunum þegar Skúli vann með þær.

Efri mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/1, 2. Manntalið 1703. Mið-Múlasýsla.

Neðri mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/19, 2. Manntalið 1703. Gamlar umbúðir. Arkir með áritun Skúla Magnússonar.

57.	Folkatal Aar 1703.	De af samme personers Antal, som vare				Aar 1769	558
Familiær pag.	Familiær	70 til 80	80 til 90	90 til 100	Over 100	Aantal	officielt. 1703 til 1769
30. Múlsþyfel	329	4101	91	28	5	3270	831
107. Skapfjall	160	1101	21	17		2707	270
129. Þyfel	246	1846	59	17			
352. Mismannar	56	359	3	1		2229	146
172. Rangarvalla þyfel	597	4256	87	32	1	4826	351
210. Mús	710	5179	91	36	1		
227. Guldþingi	421	2624	19	6		3270	432
227. Þjóse	179	1304	19	3	1		
266. Þorgeirsd.	512	2079	57	18	1	1696	383
282. Mús	262	1786	36	15	1	1918	
290. Þappadals	89	656	12	5	1	3212	1127
327. Gullhúllar	671	3905	57	16	3		
343. Dale	288	1946	21	13	2	1702	272
397. Jarðstjarns	420	2679	27	21	1	2788	391
420. Skjöldar	617	3783	38	27	2	3338	425
443. Gftræde	156	1059	33	9		927	85
469. Gftræde	222	2107	37	13	2		
496. Skjöldar	466	3172	71	22	3	11935	
525. Skjöldar	452	3061	22	29	5		
551. Þorðarþyfel	450	2929	75	32			
Summan	7537	50444	957	370	41	40221	4223


VIÐAUKI 4.

Talning Skúla Magnússonar árið 1778.

Talning Skúla Magnússonar landfógeta árið 1778 á mannfjölda á Íslandi árið 1703 er önnur talningin sem unnin var eftir frumskýrslum manntalsins og sú fyrsta sem birt var á prenti. Hún var þannig fyrsta talningin sem birtist opinberlega. Taflan, sem hér er sýnd, er aftarlega í Viðbæti við Jarðabók Skúla Magnússonar á eftir ítarlegri greinargerð þar sem hvert býli, í hverri þingsókn og hverri sýslu er tilgreint með nafni og fjölda heimilismanna, fjölda heimila ásamt tölum um ómaga og utansveitarfólk í hverri sókn. Fjöldi

kvikfjár hvers heimilis er skráður ef upplýsingar um hann eru til. Skúli taldi Íslendinga vera alls 50.444 og fjölskyldur 7537. Rétt er að geta þess að þingsókn gat náð yfir fleiri en einn hrepp. Þannig voru til dæmis Viðvíkurhreppur og Hólahreppur í Skagafirði ein þingsókn sem nefndist Viðvíkurþingsókn. (Viðbætur, bls. 485–487).

Mynd: Þí. Rentukammer. 1928, E/45. Viðbætur við Jarðabók Skúla Magnússonar saminn af Skúla Magnússyni árið 1778, bls. 557–558.



Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/2, 3. Manntalið 1703. Vestur-Skaftafellssýsla. Leiðvallahreppur.

VIÐAUKI 5.

Forsíða manntals og kvikfjártals úr Leiðvallahreppi.

Þessi forsíða er sérstök vegna þess að hún er sameiginleg forsíða fyrir talningu fólks og búfjár í Leiðvallahreppi. Báðar talningarnar hafa farið fram á sama tíma og þannig hefur þeim verið skilað til jarðabókarnefndarinnar á alþingi árið 1703. Þá er óvenjulegt að þurfamenn séu taldir á undan öðrum. Kvikfjártalið liggur nú ekki með manntalslistunum. Þá má nefna að R-ið í orðinu registur er með íburðarmestu upphafsstöfum í manntalinu.

Textinn er stafréttur svo:

„Þurfamanna, Fólks og Fiaar

Registur í

Leidvallar Þyngsókn

Samanskrið af Forlage Kongl(egrar). Maj(estatis)

Sendiboda Og skickun Walldsmansens

Continuerad a Leidvallar Reppamote

Þann 5 Junij ANNO 1703

Og nú Endurskrifad Þann 8 Júnij sama aars.“



HEIMILDIR:

Óprentaðar:

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)

ÞÍ. Hagstofa Íslands 1996 BB/0002. BB – Bréfasafn – 1920–1952.

ÞÍ. Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 1988 C/2. Bréfabók II 1921.

ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/1 – D1/19. Manntalið 1703.

ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/20 – D1/21. Kvíkfénaðarskýrslur 1703.

ÞÍ. Rentukammer. 1928, E/45. Viðbætur við Jarðabók Skúla Magnússonar. Saminn af Skúla Magnússyni 1778 (Tillæg Til den Kongelige Jordebog over Island af Aar 1760, eller dends Vlte Tomus).

ÞÍ. Rentukammer. 1928, E/52. Viðbætur við Jarðabók Skúla Magnússonar. Saminn af Skúla Magnússyni 1784 (Udtog Af den, ved de, dertil Kongelig Allernaadigst beskikkede Commissarier, Professor Arne Magnussen, og Laugmand Poul Widalin, fra 1702 til 1714 forfattede Islandske Jordebog).

ÞÍ. Rentukammer. 1928–B27/6. Óbréfadagbókarfærð bréf, ágríp og uppköst 1605–1725.

ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns. Afhendingarskrár.

ÞÍ. Skjalasafn landfógeta, XXVIII,1.

ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Bréfasafn.

Prentaðar:

Annálar 1400–1800 II–III. Reykjavík 1927–1938.

Arnþjórt Ólafsson, „Um búnaðarhagi Íslendinga“, *Skýrslur um landshagi á Íslandi* II. Kaupmannahöfn 1861, bls. 31–220.

Árni Magnússons *Levned og Skrifter* II. Udgivet af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat. København 1930.

Arne Magnussons *Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker*. Udgivet af Kr. Kålund. København og Kristiania 1916.

Bjarni Jónsson, *Íslenskir Hafnarstúdentar*. Akureyri 1949.

Björk Ingimundardóttir og Eiríkur G. Guðmundsson, „Manntalið 1703 – skuggsjá samfélags“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára. Greinar í tilefni afmælis*. Reykjavík 2005, bls. 51–72.

Eiríkur G. Guðmundsson, „Þrjú hundruð ára manntal“, *Lesbók Morgunblaðsins* 15. nóvember 2003, bls. 6.

Eiríkur G. Guðmundsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Inngangur“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára. Greinar í tilefni afmælis*. Reykjavík 2005, bls. 9–30.

Goyer, Doreen S. og Gera E. Draaijer, *The Handbook of National Population censuses – Europe*. New York, Connecticut, London 1992.

Hannes Finnsson, „Um mannfækkun af hallærum á Íslandi“, *Rit þess konúngliga íslenska Lærdómslistafélags* XIV. Kaupmannahöfn 1796, bls. 30–226.

Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*. Jón Eyþórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna. Reykjavík 1970.

Helgi Skúli Kjartansson, „Var Viðey í eyði 1703?“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára, Greinar í tilefni afmælis*. Reykjavík 2005, bls. 77–84.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I–XI. Kaupmannahöfn 1913–1943.

Johansen, Hans Christian, „Folketællinger“, *Dansk kulturhistorisk Opslagsværk* I. Ritstjórar Erik Alstrup og Poul Erik Olsen, 1991, bls. 244–246.

Jón Eiríksson, „Indledning“, *Udtog af afgangne Lavmand Povel Vidalíns Afhandling om Islands Opkomst under Titel Deo, Regi, Patriæ*; samt nogle andres af samme Indhold anvendt paa nærværende Tider. Sorø 1768, bls. 3–32.

Jón Eiríksson, „Forberedelse“, *Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige, og nordostlige Kanter af Island, tillige med Ole Henschels Underretning om de Islandske Svoel-Miiner og Svoel-Raffinering, samt Vice-Markscheider Christian Tieners Beskrivelse over nogle Surterbrands-Fielde i Island* I. Kiöbenhavn 1780, bls. I–CCXX.

Jón Steffensen, „Árni Magnússon og manntalið 1703“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 71 (1974), bls. 95–104.

Jón Þorkelsson, „Tilgift som Videre Efterretning og Notice Om Island“, *Efterretninger om Island, Grønland og Strat Davis. Til Videnskabernes og Handelens sande Nytte med Kobberstykker, og et Landkort. Hvortil er videre føyet en tilforladelig Beskrivelse over Lapmarken*. København 1748, bls. 297–356.

Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Þurfamenn í manntalinu 1703“, *Manntalið 1703 þrjú hundruð ára. Greinar í tilefni afmælis*, bls. 85–121.

Lovsamling for Island Indeholdende Udvalg af de vigtigste ældre og nyeere Love og Anordninger, Resolutioner, Instructioner og Reglementer, Althingsdomme og Vedtægter, Collegial-Breve, Fundatser og Gavebreve, samt andre Aktstykker, til oplysning om Islands Retsforhold og Administration i ældre og nyere tider I, 1096–1720. Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson. Kjöbenhavn 1853.

Magnús Már Lárusson, „Fardag. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid* IV. Reykjavík 1959, bls. 169.

Manntal á Íslandi árið 1703 tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík 1924–1947.

Manntalið 1703. Hagskýrslur Íslands II, 21. Reykjavík 1960.

Manntalið 1703 þrjú hundruð ára. Greinar í tilefni afmælis. Ritstjórar: Ólöf Garðarsdóttir og Eiríkur G. Guðmundsson (Reykjavík 2005).

Már Jónsson, Árni Magnússon. *Ævisaga*. Reykjavík 1998.

Olaus Olavius, *Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige, og nordostlige Kanter af Island, tillige med Ole Henschels Underretning om de Islandske Svoel-Miiner og Svoel-Raffinering, samt Vice-Markscheider Christian Tieners Beskrivelse over nogle Surterbrands-Fiede i Island I-II*. København 1780.

Ólafur Lárusson, Nöfn Íslendinga árið 1703. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta, annar flokkur II*, 2. Reykjavík 1960.

Rannsókn og útgáfa á kvikfjartali árið 1703. Reykjavík 2004. Vefur Þjóðskjalasafns: <<http://skjalasafn.is/files/docs/Rannsokn-og-utgafa-a-kvikfjartali-arid-1703.pdf>>, 30. september 2016.

Samningar Íslands við erlend ríki sem taldir eru í gildi í árslok 1961, að undanskildum tæknilegum samningum og lánssamningum II. Samningar við einstök ríki. Helgi P. Briem bjó undir prentun. Reykjavík 1963.

Þorsteinn Þorsteinsson, „Formáli“, *Manntal á Íslandi árið 1703 tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum*. Reykjavík 1924–1947.

Þorsteinn Þorsteinsson, „Manntalið 1703“, *Andvari* 72 (1947), bls. 26–50.

Vefir:

<<http://www.unesco.org/new/en/communication-and-information/memory-of-the-world/register/>>, 30. september 2016.

<<http://www.skjalasafn.is>>, 30. september 2016.

<<http://www.archivesportaleurope.net>>, 30. september 2016.

<<https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/faeddir-og-danir/faeddir/>>, 15. febrúar 2017.

SKRÁ YFIR MYNDIR OG ÍTAREFNI

Síða 6 - Manntal úr Snæfellsnessýslu

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/10, 1. Manntalið 1703. Snæfellsnessýsla.

Opna úr manntali Snæfellsnessýslu.

Síða 9 - Jarðabókarnefndin

Mynd: Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn. Müllers Pinakotek 15, 86, III fol. Árni Magnússon.

Um Árna Magnússon og Pál Vídalín Jónsson.

Síða 10 - Alþingi á Þingvöllum við Öxará

Mynd: Þjóðminjasafn Íslands. Safn Sigurðar Guðmundssonar málara.

Hlutverk alþingis og tilkynning um töku manntals.

Síða 12 - Minnsta skjal manntalsins 1703

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/14, 2. Manntalið 1703. Strandasýsla.

Vitnisburður um talningu lausgangara í Bitruhreppi. Minnsta staka skjal manntalsins.

Síða 14-15 - Titilsíða manntals úr Snæfellsnessýslu

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/10, 1. Manntalið 1703. Snæfellsnessýsla.

Fyrsta síða manntalsins úr Snæfellsnessýslu, sem Magnús Björnsson sýslumaður tók saman.

Síða 16 - Lok manntalstökunnar og aftaka á alþingi 1703

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/7, 2. Manntalið 1703. Borgarfjarðarsýsla. Skilmannahreppur.

Ung kona úr í Skilmannahreppi í Borgarfirði líflátin á alþingi 1703.

Síða 19 - Óráðvandur maður og fjórir þjófar

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/5, 7. Manntalið 1703. Árnessýsla. Austrahreppur (Gnúpverjahreppur).

Óráðvandir menn í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu skráðir síðastir.

Síða 21 - Skráning á lista UNESCO Minni heimsins

Mynd: ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Málafn, málsnúmer 1301045. Viðurkenningarskjal UNESCO, dags. 18. júní 2013.

Staðfesting UNESCO um að manntalið 1703 sé tekið á skrána Memory of The World International Register.

Síða 24 - 25 - Bessastaðir á Álfanesi

Mynd: ÞÍ. Teikningasafn. C. I. 1. Teikningar af Bessastöðum 1720.

Teikningar af húsum staðarins árið 1720.

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/6, 5. Manntalið 1703. Gullbringusýsla. Álfaneshreppur.

Skrá yfir íbúa Bessastaða.

Síða 29 - Íslensk skírnarnöfn árið 1703

Heimild: Ólafur Lárusson, „Nöfn Íslendinga árið 1703“, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta*. Annar flokkur, II, 2 (Reykjavík 1960).

Algengustu skírnarnöfn karla og kvenna 1703.

Síða 29 - Fólksfjöldinn á Íslandi 1703

Heimild: *Manntalið 1703*. Hagskýrslur Íslands II, 21 (Reykjavík 1960), bls. 3, 18, 34.

Hlutfallsleg skipting Íslendinga eftir heimilisstöðu árið 1703.

Síða 31 - Samfélagsgagnrýni

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/15, 4. Manntalið 1703. Húnavatnssýsla. Skrá yfir óмага og utansveitarfólk í Engihlíðarhreppi.

Vísa úr Engihlíðarhreppi um misskiptingu auðs.

Síða 32 - 33 - Manntalið flutt milli landa

Mynd: Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn. Frederik den Femtes Atlas, Bd. 53, Tvl. 29.

Teikning af freigátu að nafni Söeridderen.

Mynd: Ljósmyndasafnið Ísafirði/M. Simson. Úr fórum Thyru Juul (TJ 192).

Ljósmynd af gufuskipinu Gullfossi.

Síða 34 - Þingeyrarklaustur í Húnavatnssýslu

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/15, 2. Manntalið 1703. Húnavatnssýsla. Þingeyrarklaustur.

Skýrsla um heimilisfólk á Þingeyrarklaustri.

Síða 35 - Hólar í Hjaltadal

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/16, 9. Manntalið 1703. Skagafjarðarsýsla. Hólahreppur. Skrá yfir íbúa Hóla í Hjaltadal í Skagafirði.

Síða 37 - Dreifing fólksfjöldans 1703

Heimild að korti: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/1 – D1/18. Manntalið 1703.

Sýslum skipt í sex flokka eftir því hve fjölmennar þær voru árið 1703.

Síða 38 - Týndi miðinn

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/14, 2. Manntalið 1703. Strandasýsla. Skrá yfir óмага og flakkara í Trékyllisvík.

Átta einstaklingar sem ekki eru með í talningu Hagstofunnar árið 1960.

Síða 38 - Bóndinn á Efra-Reyni

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/7, 3. Manntalið 1703. Borgarfjarðarsýsla. Akraneshreppur.

Skráning heimilisfólks á Efra-Reyni. Um Jón Hreggviðsson.

Síða 39 - Mynd sem sýnir manntalsskýrslur af ólíkum stærðum.

Síða 40 - Viðauki 1. Talningar á fólksfjölda úr manntalinu 1703.

Heimildir: ÞÍ. Skjalasafn landfógeta, XXVIII, 1, bls. 301; Olaus Olavius, *Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige, og nordostlige Kanter af Island II* (Kiøbenhavn 1780), bls. 657; *Manntalið 1703*. Hagskýrslur Íslands II, 21 (Reykjavík 1960), bls. 34–41; ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/14, 2. Manntalið 1703. Strandasýsla. Skrá yfir óмага og flakkara í Trékyllisvík.

Yfirlitstafla yfir talningar fólks úr manntalinu 1703 með skýringum.

Síða 42 - Viðauki 2. Talning Árna Magnússonar 1703–1709.

Mynd: ÞÍ. Skjalasafn landfógeta, XXVIII, 1, bls. 301.

Tafla Skúla Magnússonar yfir fólksfjöldann 1703 runnin frá Árna Magnússyni.

Síða 43 - Viðauki 3. Sýnishorn áritana Árna Magnússonar og Skúla Magnússonar á manntalsskýrslur eða á blöð utan um skýrslurnar.

Efri mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/1, 2. Manntalið 1703. Mið-Múlasýsla.

Áritun Árna Magnússonar á talningarskýrslu Bessa Guðmundssonar sýslumanns í Mið-Múlasýslu

Neðri mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/19, 2. Manntalið 1703. Gamlar umbúðir. Arkir með áritun Skúla Magnússonar.

Áritun Skúla Magnússonar á örk utan um skýrslur úr Múlasýslum.

Síða 44 - Viðauki 4. Talning Skúla Magnússonar árið 1778.

Mynd: ÞÍ. Rentukammer. 1928, E/45. Viðbætur við Jarðabók Skúla Magnússonar saminn af Skúla Magnússyni árið 1778, bls. 557–558.

Um talningu Skúla Magnússonar landfógeta árið 1778 á mannfjölda á Íslandi árið 1703.

Síða 45 - Viðauki 5. Forsíða manntals og kvikfjártals úr Leiðvallahreppi.

Heimild: ÞÍ. Rentukammer. 1928, D1/2, 3. Manntalið 1703. Vestur-Skaftafellssýsla. Leiðvallahreppur.

Sameiginleg forsíða á talningu fólks og búfjár í Leiðvallahreppi árið 1703.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

